Akureyri

Desember 2019

RIT FO RM

Eflum norðlenska jólaverslun

KAUPMANNAFÉLAG AKUREYRAR

Pakkasöfnunardagur Jólasöfnunar

7. desember á Glerártorgi

Komdu með gjöf og merktu hana stelpa eða strákur og leggðu undir jólatréð

GLERÁRTORG

-af lífi & sál-

Smákökurnar alltaf vinsælar fyrir jólin

„Starfsfólkið okkar hefur verið í miklum önnum undanfarnar vikur við að baka smákökurnar sem við sendum í verslanir um land allt nú fyrir jólin. Hér er löng hefð fyrir smákökubakstri og fyrir þessi jól seljum við kökurnar í splunkunýjum umbúðum sem ég vona að falli í kramið. Aðalatriðið er þó auðvitað bragðið og það klikkar ekki nú frekar en áður," segir Ingólfur Gíslason, framleiðslustjóri Kexsmiðjunnar á Akureyri.

Hefðin er sterk

Smákökur voru fyrsta bakkelsið sem Kexsmiðjan bauð upp á eftir að hún var sett á laggirnar á aðventu árið 1996. Vinsældir hafa vaxið í áranna rás og æ fleiri kjósa að grípa með sér tilbúnar smákökur enda í mörg horn að líta hjá landsmönnum á þessum árstíma. „Við erum alltaf með vinsælar hefðbundnar tegundir og við reynum að nostra svolítið við bakstur-inn. Við notum t.d. íslenskt smjör í tvær tegundanna og þær minna á þessar heimagerðu sem alltaf voru bakaðar í gamla daga. Jólasmákökusortirnar frá Kexsmiðjunni eru orðnar sjö talsins og þannig fá allir eitthvað við sitt hæfi," segir Ingólfur.

Sala yfir lengri tíma

Ingólfur segir að neysla á smákökum hafi þróast og breyst í gegnum árin. „Þegar við byrjuðum var langmesta salan á Þorláksmessu en núna er fólk að grípa með sér smákökubox í verslunarferðum yfir alla aðventuna og margir byrja raunar á því strax í nóvember. Fólk er að bjóða upp á smákökur með kaffinu, á notalegar stundir og svolítið jólalegar, löngu áður en hátíðin gengur sjálf í garð. Salan dreifist því yfir lengri tíma en áður var."

■ **Ingólfur Gíslason, framleiðslustjóri Kexsmiðjunnar með nýju smákökuboxin en tegundir af jólasmákökunum frá fyrirtækinu eru nú sjö talsins. „Allir fá eitthvað við sitt hæfi," segir hann.**

kexsmidjan.is



Útgefandi: Ritform ehf. í samvinnu við Kaupmannafélag Akureyrar.

Útgáfustjóri: Valþór Hlöðversson.

Ritstjóri: Jóhann Ólafur Halldórsson, (ábm).

Umsjón, textavinnsla og umbrot: Ritform ehf.

Forsíðumynd: Axel Þórhallsson / Pedromyndir

Auglýsingar: Inga Ágústsdóttir. inga@ritform.is

Prentun og dreifing: Prentað í Ísafold.

Dreift til allra heimila á Norðurlandi í desember 2019.

Rafræn útgáfa af blaðinu er á ritform.is

RITFORM

KAUPMANNAFÉLAG AKUREYRAR

Gott til endurvinnslu

SPORTVER

ALDREI MEIRA VÖRUÚRVAL

SKÓBÚÐIN

Glerártorgi - Símí 461 1445 - Erum á **facebook**

Glerártorg í blóma

Ein og hálf milljón gesta á ári!

■ **Davíð Rúnar Gunnarsson, markaðsstjóri verslunarmiðstöðvarinnar Glerártorgs á Akureyri.**

„Glerártorg er alltaf vinsælt hjá Norðlendingum enda er hingað margt að sækja. Undir okkar þaki eru nú tæplega 40 fyrirtæki sem bjóða gríðarlega fjölbreytta þjónustu. Hingað kemur um ein og hálf milljón gesta á ári og í fyrra versluðu rúmlega 90 % Norðlendinga á Glerártorgi fyrir jólin," segir Davíð Rúnar Gunnarsson, markaðsstjóri verslunarmiðstöðvarinnar.

Fjölbreytt þjónusta

Glerártorg er stærsta verslunarmiðstöð utan höfuðborgarsvæðisins en þar er að finna mjög fjölbreytta flóru þjónustuaðila og verslana. „Í dag eru hjá okkur í rekstri 36 aðilar en þeir verða orðnir 38 í lok árs en á næstu dögum opnar Arionbanki og Vörður tryggingafélag sín útibú á Akureyri á Glerártorgi. Á næsta ári fjölgar enn í húsinu en þá mun H&M opna á Glerártorgi. Þetta er fjórða verslunin sem sænska fatamerkið opnar hér á landi og verður verslunin á Glerártorgi sú fyrsta utan höfuðborgarsvæðisins. Vinsæl verslun á borð við H&M mun laða að sér enn stærri hóp af gestum, sem mun einnig hafa jákvæð áhrif á aðrar verslanir á Glerártorgi."

Á Glerártorgi er að finna tískuvöruverslanir, verslanir með búsáhöld og heimilistæki, sportvöruverslun, gleraugnaverslun, leikfangaverslun, hönnunarvörubúð, verslanir með tölvur og símabúnað, snyrtivöruverslun og skartgripasala, ísbúð, gjafavöruverslun og verslanir með mat- og heilsuvörur. Og það eru ekki aðeins verslanir á Glerártorgi heldur fjölmargir þjónustuaðilar eins og veitingastaðir og kaffihús, úrsmiður, apótek og læknastofur, hárgreiðslu- og snyrtistofa, blóðbanki, stéttarfélag, banki, tryggingafélag og þjónustuver síma, nets og sjónvarps, svo eitthvað sé nefnt.

Samkeppni erlendis frá

Davíð Rúnar segir mikla samkeppni ríkja í versluninni, bæði við aðra aðila á Akureyri og höfuðborgarsvæðið. Þá sé netverslun sífellt að aukast og auðvelt fyrir fólk að panta sér vörur erlendis frá og fá þær sendar heim með póstinum.

„Netverslunin er auðvitað komin til að vera en í ljósi þess að gestum á Glerártorgi fjölgar ár frá ári virðist sem fólk hafi ríka þörf fyrir að skoða og snerta vörurnar og máta fötin. Margar af þeim verslunum sem eru á Glerártorgi eru búnar að koma sér upp mjög flottum og vönduðum heimasíðum þar sem hægt er að versla í gegnum netið þannig að við erum í fínum málum í sambandi við netverslun. Þessi leið er sífellt meira notuð en þá er betra að panta í gegnum verslanir sem hér eru því þá er lítið mál að skila vörunni ef hún ekki passar. Fólk lendir oft í öngstræti með slíkt ef það kaupir vörurnar beint af aðilum erlendis. Um það eru því miður fjölmörg dæmi."

Núverandi eigandi verslunarmiðstöðvarinnar er Eik fasteignafélag hf. „Fljótlega eftir að nýjir eigendur tóku við rekstri hússins voru kynntar áætlanir um umfangsmiklar breytingar og endurbætur, bæði innanhúss og utan, og þeim verður haldið áfram á næstu mánuðum. Samfara breytingunum hefur fyrirtækjum fjölgað umtalsvert og margt skemmtilegt í vændum eins og fyrr sagði en á næsta ári fögnum við einmitt 20 ára afmæli Glerártorgs," segir Davíð Rúnar.

glerartorg.is

■ **Gestum Glerártorgs fjölgar ár frá ári þrátt fyrir aukningu í netverslun.**

G-rjómi geymist vel

Laktósalaus G-rjómi er tilbúinn
til notkunar þegar þér hentar.

gottimatinn.is

Orkuskiptin komin hjá Brimborg

■ **Jón Árelíus Þorvaldsson við glæsilegan Volvo XC 90 í sýningarsal Brimborgar á Akureyri.**

„Fólk er mikið að spá í bíla þessa dagana og ekki síst í rafmagnsbíla, ýmist tengitvinnbíla eða hreina rafmagnsbíla og eykst úrvalið þar ár frá ári. Í þessum efnum hefur mikið verið að gerast hjá okkar framleiðendum og margir spennandi kostir að koma á markað á næsta ári frá Volvo, Peugeot, Citreon, Mazda og Ford," segir Jón Árelíus Þorvaldsson, framkvæmdastjóri Brimborgar á Akureyri.

Volvo í fararbroddi

„Volvo er með mjög háleit markmið í loftlagsmálum og eru markmið þeirra að draga úr kolefnissporinu um 40% á hvern bíl fyrir árið 2025 miðað við 2018. Við höfum verið að selja mjög vel af Volvo bílunum sem tengiltvinnbílar (Plug-In Hybrid) og þá aðallega Volvo XC60 og Volvo XC90 sem eru fjórhjóladrifnir og 390 hestöfl. Þeir eru einnig fáanlegir með 235 hestafla dieselvél sem er „mild hybrid" þar sem bíllinn hleður sig sjálfur í akstri og nýtir það rafmagn til að fá mýkri akstur og minni eldsneytisnotkun. Volvo S60, V60 og S90 eru einnig fáanlegir sem tengiltvinnbílar og þá er Volvo XC40 að koma sem tengiltvinnbíll og er hann væntanlegur í febrúar. Þessi bíll er þegar kominn í forsölu og er mikill spenningur fyrir honum. Hann er svo væntanlegur sem hreinn rafmagnsbíll árið 2021."

Frakkarnir í orkuskiptin

„Við höfum þegar hafið forsölu á Peugeot e-208 sem er 100% rafmagnsbíll og kemur hann til okkar eftir áramót. Hann er með drægni allt að 340 km og skilar 136 hestöflum. Peugeot e-2008 er stærri bíll og kemur sem hreinn rafmagnsbíll í vor en hann er framdrifinn með drægni upp á 310 km. Þá má nefna Peugeot 3008 sem er fjórhjóladrifinn tengiltvinnbíll með 300 hestafla vél og framdrifinn með 225 hestafla vél. Um mitt næsta ár mun svo sendibíllinn Peugeot Expert koma sem hreinn rafmagnsbíll með drægni allt að 300 km. Allir Peugeot bílarnir eru með 5 ára ábyrgð og 8 ára ábyrgð á rafhlöðu." Jón segir að frá Citroën sé Citroën C5 Aircross að koma „plug in hybrid" framdrifinn í vor með drægni allt að 50 km. Þá komi Citroen Jumpy sendibílinn rafknúinn um mitt næsta ár með drægni allt að 300 km. Allir Citroen bílarnir eru komnir með 5 ára ábyrgð og 8 ára ábyrgð á rafhlöðu.

Mazda og Ford

„Frá Mazda er að koma nýr bíll sem er Mazda MX-30 jepplingur, framhjóladrifinn 100% rafbíll og er hann væntanlegur haustið 2020. Þetta er spennandi bíll en Mazda bílarnir eru þekktir fyrir frábæra hönnun og mikinn staðalbúnað. Nýverið kynntum við Mazda 3 og CX-30 bílinn með nýrri „mild hybrid" spartækni sem minnkar eldsneytiseyðslu og losun á Co2. Þá höfum við einnig kynnt hina nýju og byltingarkenndu SkyActiv X vél sem er sögð minnka eldsneytisnotkun um 20-30% miðað við eldri vélar." Jón Árelíus segir að Mazda CX-30, sem hlaut á dögunum hin virtu verðlaun Gullna stýrið í Þýskalandi, hafi sett nýtt met í öryggisprófun Euro NCAP og fengið 99 stig. Hann er fáanlegur fjórhjóladrifinn með hinni nýju SkyActiv X vél sem gefur 180 hestöfl.

„Hjá Ford er einnig mikið að gerast en í vor kemur t.d. Ford Kuga PHEV, framdrifinn tengiltvinnbíll og einnig Ford Explorer PHEV tengiltvinnbíll sem er fjórhjóladrifinn 7 sæta lúxusjeppi, hlaðinn búnaði og skilar hann 457 hestöflum og með drægni allt að 45 km á rafmagninu. Ford Mustang Mach-E, 100% rafbíll er væntanlegur í byrjun árs 2021. Þá er Ford Custom PHEV tengiltvinn sendibíll væntanlegur í vor en hann er með drægni allt að 56 km og verður framdifinn. Ford Tourneo PHEV framdrifinn tengiltvinnbíll, 9 sæta, er svo væntanlegur næsta sumar en hann verður með drægni allt að 56 km."

brimborg.is

Komdu í kaffi

Café

PENNINN Eymundsson

AKUREYRI • AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • VESTMANNAEYJUM

■ Jón Lárusson á vinnustað sínum í Húsasmiðjunni á Akureyri.

Jón Lárusson hefur starfað í verslun frá árinu 1973

Verslunin er minn heimavöllur

„Þetta er skemmtilegt starf, en í því felst að maður þarf að vera á ferðinni, ekki kyrr á sama stað og það hentar mér vel. Mikil samskipti við fólk er kostur sem þetta starf hefur," segir Jón Lárusson starfsmaður hjá Húsasmiðjunni á Lónsbakka en hann hefur starfað í verslun óslitið í 46 ár. „Maður er ekki alveg nýr í þessum bransa," bætir hann við.

Jón steig fyrstu skrefin í verslun árið 1973 hjá Herratískunni, verslun sem á þeim tíma var við Laugaveg í Reykjavík við hlið hinnar 100 ára gömlu verslunar Brynju. „Foreldrar mínir fluttu suður og ég ákvað að elta þau, prófa hvort mér líkaði," segir hann. Honum líkaði vinnan í Herratískunni vel, kveðst kunna því ágætlega að selja fatnað og hafi alla tíð haft áhuga fyrir góðum og vönduðum fatnaði. Hins vegar líkaði honum lífið í höfuðborginni ekki eins vel og úr varð að hann flutti norður aftur eftir ríflega hálfs árs dvöl. Heimkominn á ný fékk hann vinnu hjá herradeild KEA sem staðsett var í Vöruhúsi KEA við Hafnarstræti, en þar voru nokkrar deildir starfandi undir sama þaki og með hinum þekkta rúllustiga sem flutti fólk upp á aðra hæð.

20 ár í herradeild KEA

Jón segir að sér hafi boðist tvö störf önnur auk þess í Vöruhúsinu, skrifstofustarf hjá Eimskip og í Búnaðarbankanum. „Það hefur aldrei átt vel við mig að sitja kyrr lengi í einu. Ég fæ einhverja óeirð í mig og þarf að standa á fætur og hreyfa mig. Verslunarstörfin bjóða upp á það að vera á ferðinni. Ætli megi ekki rekja þetta til þess að ég var lengi í fótbolta í gamla daga," segir hann.

Jón vann í herradeildinni í 20 ár en árið 1993 voru í uppsiglingu breytingar á starfseminni en hann tók til starfa hjá byggingavörudeild KEA sem þá var komin út á Lónsbakka um svipað leyti. „Vöruhúsið var svo lagt niður skömmu eftir að ég fór," segir hann. „Þetta voru góð ár og oft líflegt og skemmtilegt að starfa þarna."

Einstök stemmning í miðbænum í eina tíð

Jón rifjar upp að stemmning í miðbæ Akureyrar hafi á árum áður verið mjög góð. Svo til allar verslanir bæjarins voru á sama bletti og Vöruhúsið og Amaro voru stóru póstarnir. Allra leiðir lágu því á sama svæðið og gjarnan iðandi mannhaf á ferðinni um Hafnarstætið á Þorláksmessukvöld. „Þetta var einstök stemmning, stappað af fólki og allir í hátíðarskapi, keimur jafnvel af kaupstaðarlykt af einum og einum," segir hann. Verslanir voru á þeim tíma ekki opnar eins lengi í desember og nú tíðkast. Einn liður í jóladagskránni í þá daga var sá að jóla-

sveinar komu fram á svalir Vöruhússins og sungu fyrir börnin sem stóðu niður á götu. „Ég varð svo frægur að prófa að vera jólasveinn í nokkur ár með þeim Rabba Sveins og Snorra Guðvarðar. Það er ógleymanleg reynsla og dýrmæt í minningunni," segir Jón.

Kann vel við sig á Lónsbakkanum

Jón hefur líka starfað lengi á Lónsbakkanum, fyrst hjá KEA og síðar Húsasmiðjunni. Fyrstu fimm ár aldarinnar var hann reyndar við störf annars staðar, var hjá Byko í tvö ár og einnig hjá Versluninni Regatta í miðbæ Akureyrar. „En ég hef verið heillengi á Lónsbakkanum og kann vel við mig hér. Ég bjó lengi í Glerárhverfi og notaði þá tækifærið og gekk eða hjólaði til og frá vinnu, en nú hef ég fært mig upp í Naustahverfi og það er fulllangt á milli," segir hann. „Starfsandinn í Húsasmiðjunni hefur alltaf verið góður, fínir vinnufélagar og góðir yfirmenn hér norðan heiða svo ég kvarta ekki."

Jón segist aldrei hafa starfað við annað en verslun á sínum starfsferli. Pabbi hans er pípari og sonur hans lagði þá iðn einnig fyrir sig, en „ég hef aldrei haft snefil af áhuga á þeirri iðngrein, svo hún fór alveg framhjá mér. Eg er alveg úti á þekju þegar kemur að pípulögnum. Það má segja að verslunin sé minn heimavöllur og ég neita því ekki að ég hafði alltaf mjög gaman af því að selja fatnað en byggingavörur eru líka alveg ágætar," segir hann.

Jólaverslun fer vel af stað

Jólaverslun hefur farið vel af stað í Húsasmiðjunni að sögn Jóns, upptakurinn er gjarnan sleginn í byrjun nóvember með afsláttarkvöldi þar sem boðið er upp á veitingar og tónlist á meðan fólk skoða úrvalið. „Við erum með gott úrval, það eru kostur að hafa Blómaval undir sama þaki en þar kennir margra grasa og fólki þykir gaman að skoða hvað er í boði þar fyrir jólin. Eins erum við með gott úrval af varningi til að skreyta heimili og þá koma líka margir hingað til að versla jólagjafir, heimilistæki og búsáhöld af margskonar tagi að ógleymdum verkfærunum sem margir setja á sinn jólagjafalista," segir Jón.



Fjölbreyttir jólatónleikar í Glerárkirkju

Mikið verður um að vera í tónleikahaldi í Glerárkirkju á Akureyri á aðventunni. Sunnudaginn 15. desember kl. 16 verða jólatónleikar Kórs Glerárkirkju og Kvennakórs Akureyrar, þann 19. desember verða jólatónleikar Karlakórs Eyjafjarðar og gesta kl. 19. Loks verða tvennir tónleikar í hátíðartónleikaröð Eyþórs Inga þann 21. desember.

— JÓLAÓRÓINN 2019 —

GÁTTAÞEFUR

Gáttaþefur er fjórtándi óróinn í jónasveinaseríu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Í seríunni fara saman íslenskur menningararfur, íslensk hönnun og ritsnilld ásamt mikilsverðu málefni.

Linda Vilhjálmsdóttir Hafsteinn Júlíusson Karitas Sveinsdóttir

SÖLUTÍMABIL 7. - 21. DESEMBER

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA

Sölustaðir á Norðurlandi

Blómaval - Casa - Húsgagnahöllin - Blóma- og gjafabúðin Sauðárkróki - Soroptimistar Húsavík

www.jolaoroinn.is

Pedromyndir í miðbæ Akureyrar

Kortaframleiðsla og ljósmyndastækkanir fyrir jólin

„Það er algengt að fólk sé að fá fjölskyldumyndir stækkaðar og settar í ramma til jólagjafa, sérstaklega þegar t.d. nýr fjölskyldumeðlimur hefur bæst við á árinu. Á þessum tíma er líka mikið að gera hjá okkur í framleiðslu jólakorta og oft sjáum við mjög fallegar myndir sem fólk hefur tekið og er að nota á kortin," segir Þórhallur Jónsson í Pedromyndum í miðbæ Akureyrar. Hann segir mesta annríkið í jólakortaframleiðslunni ganga yfir á um fjögurra vikna tímabili en margir halda fast í þann ágæta sið að senda vinum og ættingjum persónulega kveðju með þessum hætti í tilefni jólanna.

■ **Þórhallur Jónsson, kaupmaður í Pedromyndum, segir mikið annríki á þessum árstíma. Hann vonast til að hreyfing komist á frekari uppbyggingu í miðbæ Akureyrar sem fyrst.**

Myndavélin hefur enn forskot á símana

Pedromyndir bjóða filmuframköllun, stækkun mynda og myndaprentanir en þrátt fyrir stafrænu byltinguna í ljósmyndun, tilkomu myndavéla í símum og fleiri þætti þá er enn nokkuð um að viðskiptavinir taki ljósmyndir á filmur.

„Við sáum reyndar aukningu í filmuframköllun hjá okkur í sumar, sem segir sína sögu. Í vissum aðstæðum er hægt að ná mjög góðum myndum á síma en þeir munu ekki leysa myndavélarnar af hólmi. Ástæðan er stærð linsunnar. Myndavélarnar eru því betri kostur og við höfum að bjóða prýðilegar myndavélar á hægstæðu verði," segir Þórhallur.

Fyrir þá sem eiga mikið magn stafrænna mynda þá bendir Þórhallur á smáforrit Pedromynda sem hægt er að hlaða niður af Appstore og senda í gegnum það myndir úr símanum beint til prentunar. „Það er til dæmis tilvalið að eignast með þessum hætti ljósmyndasafn fyrir árið á pappír," segir Þórhallur.

Uppbygging hefjist miðbænum og á flugvellinum sem fyrst

Vinnudagarnir hjá Þórhalli eru langir, ekki síst á þessum árstíma, þar sem hann situr í bæjarstjórn Akureyrar fyrir Sjálfstæðisflokkinn og oft bíður mikið lesefni þegar heim er komið að loknum vinnudeginum í Pedromyndum.

■ **Þórhallur og eiginkona hans Inga Vestmann hafa verið í framköllunarbransanum í ansi mörg ár en fyrirtækið er orðið 54 ára gamalt. Hér má sjá Ingu um 4 ára sitja fyrir á auglýsingamynd fyrir Pedromyndir.**

„Starf kaupmannsins og bæjarfulltrúans fer ágætlega saman. Ég er nátthrafn og nota gjarnan tímann seint á kvöldin til að lesa gögn sem tengjast bæjarmálunum. Að mínu mati er það kostur að vera tengdur inn í atvinnulífið en ég sit t.d. í skipulagsnefnd sem er málaflokkur sem mér finnst áhugaverður. Ég hef lengi vonast eftir að uppbygging hefjist hér í miðbænum og vonandi förum við að sjá eitthvað gerast í þeim efnum fljótlega," segir Þórhallur en að hans mati á Akureyri, og raunar Norðausturland allt, mest undir að ráðist verði uppbyggingu á Akureyrarflugvelli.

„Sú uppbygging, bæði flughlað og bygging nýrrar flugstöðvar, skiptir gríðarlegu máli fyrir bæinn og svæðið sem heild. Þeir fjármunir sem settir yrðu í uppbygginguna koma til með að skila sér mjög fljótt til baka. Við Akureyringar þurfum að vera bjartsýn og framsækin," segir hann.

pedromyndir.is

Rafmagnið er komið!

FORSALAN ER HAFIN Á PEUGEOT 3008 PHEV OG PEUGEOT e-208!

PEUGEOT e-208 100% rafmagn

Glænýr Peugeot e-208 rafbíll með allt að 340 km drægni. Stökktu inn í næstu kynslóð af tækni. 80% hraðhleðsla á innan við 30 mínútum.

Verð frá 3.790.000 kr.

PEUGEOT 3008 SUV PHEV Rafmagn + bensín

Glænýr Peugeot 3008 SUV PHEV langdrægur 225 eða 300 hestafla tengiltvinnjeppi frá Peugeot með allt að 59 km drægni á 100% rafmagni.

Verð frá 5.230.000 kr.

Fáanlegur bæði fjórhjóladrifinn og framhjóladrifinn.

TRYGGÐU ÞÉR BÍL!

Tryggðu þér rafmagnaðan Peugeot í forsölu strax í dag og láttu gæðin heilla þig!

5 ÁRA PEUGEOT ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ Á RAFHLÖÐU

PEUGEOT

*Forsendur framlengdrar verksmiðjuábyrgðar og ábyrgð á rafhlöðu er á peugeotisland.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 8-17
og laugardaga kl. 12-16

peugeotisland.is

Úr og skartgripir í úrvali

■ **Bjarni Jónsson, úrsmiður hjá JB úr og skart við Kaupvangsstræti, býður mikið úrval úra, m.a. svissnesku Tissot úrin.**

„Við státum af meira en 80 ára sögu en það var afi minn og nafni sem stofnaði fyrirtækið árið 1939. Skartgripir og úr eru sígildar jólagjafir en stærstu merkin í úrunum hjá okkur eru svissnesku Tissot úrin sem framleidd hafa verið í yfir 160 ár. Þessi úr eru fyrir löngu heimsþekkt fyrir sín svissnesku gæði og eru þau á afar góðu verði. Einnig vil ég nefna dönsku Bering úrin sem eru falleg tímalausa hönnun en þau úr eru einnig einnig á frábæru verði. Síðan bjóðum við einnig upp á fleiri vinsæl úramerki eins og Michael Kors, Fossil, Casio að ógleymdum barnaúrunum vinsælu Flik Flak frá Swatch," segir segir Bjarni Jónsson, úrsmiður hjá JB úr og skart við Kaupvangsstræti.

„Í skartgripunum höfum við mikið úrval að bjóða, bæði úr gulli og silfri, t.d. hringa, hálsmen, eyrnalokka, armbönd og herraskart úr stáli. Ég legg áherslu á vörur frá innlendum hönnuðum og gullsmiðum, t.d. frá Valdemar Viðarssyni gullsmið, Veru design og Aeterna. Þá má og nefna hraunperluskartgripina frá Hraunlist og dýraskartgripina vinsælu frá SEB," segir Bjarni ennfremur. Bjarni segir jól og áramót vera vinsælan tíma fyrir giftingar og trúlofanir. „Við bjóðum upp á gott úrval af trúlofunar- og giftingarhringjum, bæði klassíska hringi og einnig sérsmíðum við að óskum hvers og eins. Giftingarhringarnir seljast bæði fyrir jól, milli jóla og nýárs og líka eftir áramót því þetta er tími þegar margir taka þessa stóru ákvörðun í lífinu.

Vefverslun okkar nýtur sívaxandi vinsælda og er alltaf meira og meira um að fólk nýti sér hana en við sendum frítt um allt land. Margir nota vefverslunina til að skoða vöruúrvalið og koma svo hingað í búðina til að sjá vöruna með eigin augum. En svo eru margir sem bara panta í gegnum vefsíðuna þannig að þetta er vel þegin þjónusta. Vefverslunin er í senn gluggi til að skoða vörurnar og kaupa," segir Bjarni.

jb.is

■ **Hálsmen frá SEB.**

■ **Hringar eru alltaf mikið keyptir fyrir jólin.**

Maximús heimsækir hljómsveitina

Það verður gaman sunnudaginn 1. mars þegar Maxímús Músíkús kemur fram í Hofi ásamt með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Sinfóníuhljómsveit Austurlands en þessar tvær frábæru sveitir munu þar leiða saman hesta sína undir stjórn Hallfríðar Ólafsdóttur, höfundar Maxímúsar. Sögumaður er Almar Blær Sigurjónsson leikari. Þetta verður án efa ógleymanleg fjölskyldustund með tónelsku músinni sem hefur glatt börn og fjölskyldur um allan heim.

Ævintýrið um Maximús Músíkús birtist landsmönnum fyrst árið 2008 í bókinni Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina. Sagan segir frá lítilli mús sem villist inn á æfingu sinfóníuhljómsveitar og í sögunni er Maximús fylgt eftir meðan hann þvælist milli hljóðfæraleikaranna og kynnist hljóðfærunum einu af öðru. Tónleikrnir hefjast kl 16:00 í Hofi og er frítt fyrir 6 ára og yngri.

■ **Tónelska músin kemur fram í Hofi sunnudaginn 1. mars nk.**

mak.is

JMJ og Joe´s eru til húsa að Gránufélagsgötu 4 Akureyri

■ Í Lindex á Glerártorgi er mikið úrval af fötum á börn og dömur. Mjúk náttföt og náttsloppar eru frábær valkostur í jólapakkann.

Lindex með mjúku náttfötin fyrir jólaknúsið

Jólin eru til að njóta lífsins og og þannig eru einmitt líka fötin í verslun Lindex á Glerártorgi. Mjúk, falleg og fullkomin, allt frá mjúkum náttsloppum og náttfötum upp í skemmtilega jólasokka. Föt á dömur og börn, föt til að knúsast í um jólin þegar tilefni er til að vera í náttfötum bæði daga og nætur .

Mjúk og góð náttföt eru frábær valkostur í jólapakkann en í Lindex er mikið úrval af náttföttum á verði frá 1.599 kr.

Kíktu við í Lindex á Glerártorgi og kláraðu jólainnkaupin. Vörunum fylgir jólaskiptimiði og gjafaaskja með öllum keyptum jólagjöfum.

lindex.is

GÓÐ GJÖF



GEFÐU ÆVINTÝRI

GEFÐU UMHVERFISVÆNA JÓLAGJÖF

GEFÐU MIÐA Í LEIKHÚS

VORIÐ VAKNAR

LEIKFÉLAG AKUREYRAR FRUMSÝNIR VERÐLAUNASÖNGLEIKINN
VORIÐ VAKNAR Í SAMKOMUHÚSINU Í JANÚAR!

Miðasala í Hofi opin alla **virka daga kl. 13-18** og á **mak.is**

■ **Jónína Freydís Jóhannesdóttir í Akureyrarapóteki. „Heilbrigð samskipti við þá sem standa okkur næst eru heilsubætandi og besta jólagjöfin."**

Akureyrarapótek

Ný vörulína frá Dr. Hauschka

„Við í Akureyrarapóteki höfum nýlega bætt við vörulínu frá Dr. Hauschka sem við mælum með í jólagjafir fyrir konur, karla og unglinga. Vörulínan samanstendur af allskyns vörum svo sem andlitskremum, húðhreinsivörum, handáburði og nuddolíum. Dr. Hauschka er þýskt vörumerki sem inniheldur einungis lífræn og náttúruleg efni, jurtaseyði, steinefni og nærandi olíur ásamt náttúrulegum ilmkjarnaolíum," segir Jónína Freydís Jóhannesdóttir, annar eigenda Akureyrarapóteks í Kaupangi.

Akureyrarapótek sem nú hefur starfað í 9 ár, er í eigu lyfjafræðinganna Jónínu Freydísar Jóhannesdóttur og Gauta Einarssonar sem bæði starfa í apótekinu. Starfsfólk apóteksins kappkostar að veita persónulega þjónustu og góð ráð fyrir viðskiptavini. Í Akureyrarapóteki er afbragðs vöruúrval, þar er opið alla daga ársins auk þess sem boðið er upp á heimsendingar á lyfjum fyrir þá sem eiga erfitt með að sækja lyfin sín sjálfir.

Vítamín og væntumþykja

Í aðdraganda jólanna eru ýmis tilboð í gangi í verslunum og undirbúningur jólanna byrjar snemma á mörgum heimilum „Við þær aðstæður, þegar álagið verður meira, sólarljósið minna og myrkrið er stóran hluta dags, er nauðsynlegt fyrir alla að taka auka D-vítamín. Og um jólin, þegar við gerum vel við okkur í allskonar mat og drykk, er gott að bæta við C-vítamíni og B-vítamínblöndum. Ef meltingarvandamál gera vart við sig eigum við nokkrar lausnir eins og meltingargerla, brjóstsviðatöflur og magasýrutöflur," segir Jónína.

Hún bætir því við að þótt heilsubætandi töflur komi vissulega að gagni í skammdegisstreitunni sé ekki síður mikilvægt að fólk sé gott hvort við annað. „Við skulum hafa í huga að eðlileg og heilbrigð samskipti við þá sem standa okkur næst eru heilsubætandi og besta jólagjöfin sem hægt er að gefa."

akureyrarapotek.is

Joe´s og JMJ eru til húsa að Gránufélagsgötu 4 Akureyri

Kraftur unga fólksins virkjaður

■ Unnið er með listgreinar af ýmsu tagi í starfi Ungmenna-Hússins.

■ Kristján Bergmann Tómasson, forstöðumaður Ungmenna-Hússins á Akureyri.

Ungmenna Húsið í Rósenborg við Skólastíg 2 hefur starfað í núverandi mynd undanfarin 14 ár en byggir á gömlum grunni. Í boði er aðstaða og ráðgjöf bæði fyrir einstaklinga og hópa. Þar er veitt þjónusta fyrir aldurshópinn 16 til 25 ára, en húsið er opið alla virka daga frá 8 til 16 og frá mánudegi til fimmtudag er opið á kvöldin frá 16 til 22.

Kristján Bergmann Tómasson forstöðumaður Ungmenna-Hússins segir að til staðar sé vel útbúin æfingaaðstaða fyrir hljómsveitir og tónlistarfólk, upptökuver sem nýtist til hljóð-, ljós-, og kvikmyndavinnslu er til reiðu, þá er þar salur með sviði, píanói og sýningartjaldi og er hann fullbúinn til tónleikahalds. Aðstaða er fyrir klúbba og myndlistarfólk og aðra listsköpun..

Ráðgjöf fyrir þá sem ekki hafa fundið sinn stað

„Starfsemi Ungmenna-Hússins snýst að stærstum hluta um að styðja við ungmenni, hvort sem er í einhvers konar sköpun, tómstundum eða fræðslu. Einnig veitum við stuðning og ráðgjöf fyrir ungmenni sem hafa ekki enn fundið sinn stað, eru hvorki í skóla né á vinnumarkaði," segir Kristján. Ungmenna-Húsið er í samstarfi við 14 stofnanir um verkefni sem kallast Virkið, en allar hafa snertiflöt við ungmenni sem falla undir skilgreininguna NEET, (not in education, employment or training). Að auki eru í boði sérsniðin námskeið fyrir hópa. Síðasta vetur tóku 70 einstaklingar þátt í tveimur námskeiðum, sem hvort stóð yfir í þrjá mánuði, fyrir og eftir áramót. Allir í þeim hópi eru nú komnir með atvinnu. Allir í Virkis samstarfinu geta sent til okkar skjólstæðinga og auðvitað hafa foreldrar við okkur samband sem og ungmennin sjálf.

Velheppnuð verkefni með eikarbátnum Húna II

Kristján nefnir að Ungmenna-Húsið sinni einnig Skapandi sumarstörfum sem verið hafa á Akureyri liðin ár. Ungmenni sem sækja námskeið í Virkinu yfir veturinn og fá ekki vinnu að sumarlagi hafa mörg fengið verkefni við hæfi, sniðin að þeirra þörfum. Nefnir hann að í fyrrasumar hafi stúlkur frá Þýskalandi verið í starfsþjálfun nyðra og þær ásamt tveimur drengjum hafi hugsað um eikarbátinn Húna II, að tillögu Húnamanna. Þau buðu m.a. gestum og gangandi upp á kaffi og vöfflur og ungmennin í skapandi sumarstörfum bjuggu til póstkort sem voru seld um borð. Fleiri verkefni eru unnin í samstarfi við Húna, m.a. verkefnið „Að míga í saltan sjó" og er það einnig unnið með barnaverndinni á Akureyri, þar sem farið er með ungmenni á sjó og þeim kennt sitthvað um sjómennsku. Farið var í þrjá daga á sjó með viðkomu í Grímsey, Hrísey og Hjalteyri.

Hömlulaus og Stulli

Þá nefnir Kristján að Ungmenna-Húsið standi fyrir viðburðum af fjölbreyttu tagi. Hömlulaus er listnámskeið þar sem fatahönnun, ljósmyndun, förðun og fleira kemur við sögu og Stulli er stuttmyndakeppni sem verið hefur mörg ár, en þar gefst ungu fólki kostur á að læra um allt sem snýr að kvikmyndagerð og taka þátt í keppni um bestu stuttmyndina. Ungu fólki stendur einnig til boða aðstaða til að sinna sköpun sinni í næði og sér að kostnaðarlausu.

„Við veitum líka ýmsum sjálfstæðum hópum og klúbbum aðstöðu hjá okkur, spilaklúbbum, leiklistarhópum og klúbbum af ýmsu tagi. Við tökum fagnandi á móti bæði nýjum hópum og ungu fólki sem vantar aðstöðu og stuðning við sín áhugamál, stað til að hanga á, spjalla, horfa á myndir, spila eða hvaðeina í þægilegu, skemmtilegu og öruggu umhverfi," segir hann og hvetur ungmenni á Akureyri, 16 ára og eldri

■ **Æfingaaðstaða er fyrir hljómsveitir og stúdíóupptökuver sem nýtist til hljóð-, ljós- og kvikmyndavinnslu.**

til að líta inn, skoða aðstöðuna, hitta starfsfólkið og fræðast um hvað er í boði. „Við tökum vel á móti öllum og það er alltaf heitt á könnunni," segir Kristján.

Jólatónleikar í Akureyrarkirkju á aðventu

Að vanda verður fjölbreytt tónleikahald í Akureyrarkirkju í aðdraganda jóla. Fimmtudagskvöldið 12. desember verða tónleikarnir Æskujól með Ara Ólafssyni, Karólínu Sig og Pétri Erni. Kammerkórinn Ísold heldur tónleika föstudagskvöldið 13. desember kl. 20 og sunnudaginn 15. desember er komið að árlegum tónleikum kóra Akureyrarkirkju. Þann dag kl. 17 verða jólatónleikar Kórs Akureyrarkirkju og yngri- og eldri barnaskórs kirkjunnar en kl. 20 verða jólasöngvar Kórs Akureyrarkirkju. Aðgangur er ókeypis á báða tónleikana.

Þann 19. desember verða jólatónleikar KK og Ellenar í kirkjunni og sunndaginn 22. desember kl. 21 er svo komið að jólatónleikum Hymnodiu.

Göngum við í kringum...

jólasýning Minjasafnsins

16. nóvember 2019 – 12. janúar 2019

Opið daglega 13-16 • Open daily 1 pm - 4 pm

Lokað/Closed 24. 25. desember / 1. janúar

MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI MUSEUM

Aðalstræti 58, Akureyri • www.minjasafnid.is

■ **Guðný Ketilsdóttir, verslunarstjóri í Pennanum Eymundsson. „Við erum komin með allar jólabækurnar í hús og er óvenju mikipð um góðar skáldsögur þetta árið."**

Penninn Eymundsson

Norðurland í jólabókunum

„Það er mjög mikið af bókum fyrir þessi jól og flestar þeirra komnar í hús hér hjá okkur. Það er óvenju mikið af skáldsögum eftir íslenska höfunda og þar eru m.a. Arnaldur, Yrsa og Ragnar fastir puntar eins og verið hefur undanfarin ár. Hvíti dauði eftir Ragnar á einmitt að gerast á Norðurlandi en á listanum í ár eru margar bækur eftir norðlenska höfunda eða um fólk sem hefur tengingu við þennan landshluta," segir Guðný Ketilsdóttir, verslunarstjóri í Pennanum Eymundsson á Akureyri.

Margar áhugaverðar bækur

Af áhugaverðum titlum nefnir Guðný bækurnar Systu eftir Vigdísi Grímsdóttur, Jakobínu, eftir Sigríði Krístínu Þorgrímsdóttur og Óstýrláta mamma mín og ég eftir Sæunni Kjartansdóttir. „Tvær síðastnefndu bækurnar eru skrifaðar af dætrum um mæður sínar og þær mun ég örugglega lesa mér til ánægju um jólin," segir Guðný. Hún nefnir líka bókina Öræfahjörðin, saga hreindýra á Íslandi eftir Unni Birnu

■ **Mikið er gefið út af góðum barnabókum nú fyrir jólin, líkt og undanfarin ár.**

Karlsdóttir og Náttúruþanka eftir Bjarna E. Guðleifsson og Brynhildi dóttur hans. „Ef ég má nefna höfunda barna- og unglingabóka get ég nefnt Ævar vísindamann og Gunnar Helgason sem eru með nýjar bækur á hverju ári og margir bíða spenntir eftir."

Kaffi í bland við bækur

„Við í Pennanum Eymundsson á Akureyri erum líka farin að reka okkar eigið kaffihús sem er skemmtileg viðbót í búðina hjá okkur. Hver árstíð hefur sinn sjarma og alltaf nóg að gera. Hingað kemur fólk í bókaleit fyrir jólin, skólakrakkarnir eru fjölmennir á veturna og svo eru það ferðamennirnir sem raunar sjást allt árið en eru þó alltaf vorboðar þegar þeir mæta í sumarbyrjun og lífga upp á göngugötuna okkar," segir Guðný verslunarstjóri í Pennanum Eymundsson.

penninn.is

Í yfir 12 ár...

...hefur Hreint boðið viðskiptavinum sínum á Akureyri upp á faglega og persónulega þjónustu á sviði ræstinga. Við byggjum hana á yfir 35 ára reynslu okkar í alhliða ræstingum. Hreint er Svansvottað fyrirtæki sem leggur mikla áherslu á umhverfismál, gæði og góð samskipti.

Hreint RÆSTING
Reykjavík
Akureyri
Hveragerði
Selfoss
Akranes

www.hreint.is

UMHVERFISMERKI 1076 0023 Ræstingaþjónusta

2015 2019 Framúrskarandi fyrirtæki

■ Á jólasýningu Minjasafnsins á Akureyri er m.a. að finna jólaskraut, jólakort og jóladagatöl frá fyrri tíð en í ár er kastljósinu sérstaklega beint að siðnum að dansa í kringum jólatréð.

■ Á sumum svæðum landsins voru 13 jólasveinar áður fyrr og nöfn þeirra hreint ekki falleg. Þeim og veröld íslensku jólasveinanna er gerð skil á sýningunni.

Göngum við í kringum ...

Á Minjasafninu á Akureyri er nú myndarlegur skógur jólatrjáa úr fórum safnsins auk gripa sem vísa í jólasýningar fyrri ára á safninu, s.s. jólakort, jóladagatöl og jólaskraut. Þannig fer jólasýning safnsins stækkandi með hverju árinu.

Dansinn kringum jólatréð

„Í tengslum við jólatréin sem sýnd eru í ár fjöllum við sérstaklega um siðinn að dansa í kringum jólatré," segir Ragna Gestsdóttir, safnfræðslufulltrúi. „Áður fyrr voru ekki mörg mannamót það fjölmenn að hægt væri að slá upp hringdans og skemmtun. Yfir jólahátíðina gat þó oft orðið mannmargt á heimilum og þegar tíðarandinn leyfði var oft dansað og sungið. Þó fornar vikivakavísur og -söngvar lifi ekki enn á hvers manns vörum þá lifa mörg sönglög sem snúið var úr dönsku og norsku og voru þá einkum sungin um jól, þegar fólk kom saman. Textarnir tengjast ekki alltaf jólunum en hafa öðlast jólasöngvasess í íslenskri menningu og við höldum áfram að dansa okkar hringdansa í kringum jólatré í svartasta skammdeginu," segir Ragna.

Gægst inn í veröld jólasveinanna

„Ekki er nóg með að við séum að hugsa um uppruna þess að dansa í kringum jólatré heldur fáum við með því tækifæri til að beina kastljósinu að nokkrum jólasveinanöfnum sem hingað til hafa ekki fengið mikla athygli. Á sumum landsvæðum komu 13 mjög framandi jólasveinar til byggða og eiga þeir sína eigin þulu í nokkrum útgáfum. Þulurnar eru til í nokkrum afbrigðum milli svæða og breytast með tímanum," segir Ragna. Jólasýning Minjasafnsins er snertisýning þar sem t.d. er hægt að gægjast inn í smáveröldina í jólafjallinu sem er heimili jólasveinanna, þefa af mat sem tengist jólasveinum og prófa hluti sem tilheyra jólaundirbúningi fyrri tíma. Á sýningunni eru listaverk eftir listakonuna Ingibjörgu Ágústsdóttur sem hefur myndgert nokkra af óþekktu jólasveinunum og nú í ár bættist við eitt nýtt verk.

■ Þeir hafa verið margvíslegir skórnir sem settir hafa verið út í glugga í gegnum tíðina.

Minjasafnið á Akureyri er opið alla daga kl. 13-16 en þó verður lokað 24. og 25. desember og 1. janúar.

minjasafnid.is



ÚTSÖLUSTAÐIR:
JB ÚR&SKART - MICHELSEN ÚRSMIÐIR
GÞ SKARTGRIPIR OG ÚR - MEBA
GEORG V. HANNAH

TISSOTWATCHES.COM
TISSOT. INNOVATORS BY TRADITION

Djákninn á Myrká

sagan sem aldrei var sögð

■ **Leikverkið er sprenghlægileg og farsakennd meðhöndlun á þekktustu draugasögu Íslandssögunnar.**

Í Samkomuhúsinu verður undir lok febrúar sett á svið „hryllilegt gamanverk fyrir alla fjölskylduna“ byggt á þekktustu draugasögu Íslandssögunnar. Hér er um að ræða samstarf leikhópsins Miðnættis við Leikfélag Akureyrar. Sýningar eru áætlaðar 20., 21., 22. og 23. febrúar. Verkið var frumsýnt á síðasta ári og fékk svo góðar viðtökur að ákveðið var að taka það upp aftur.

Í Hörgárdal er kirkjustaðurinn Myrká. Sagt er að fyrr á öldum hafi þar búið ungur djákni er þjónaði kirkjunni. Hann átti vingott við unga stúlku, vinnukonu á prestsetrinu Bægisá í næsta dal. Hún hét Guðrún, en hvergi er getið um nafn djáknans. En hver var þessi djákni? Hver er saga hans?

Þetta er sprenghlægileg og farsakennd meðhöndlun á þekktustu draugasögu Íslandssögunnar. Leikararnir Birna Pétursdóttir og Jóhann Axel Ingólfsson draga fram hverja persónuna á fætur annari, lesa á milli línanna og skálda í eyðurnar. Verkinu er stýrt af Agnesi Wild, tónlistin er eftir Sigrúnu Harðardóttur og hönnun leikmyndar og búninga er verk Evu Bjargar Harðardóttur.

mak.is

SÖLUTÍMABIL 7. - 21. desember

Kúlan sem gleður alla

KÆRLEIKSKÚLAN

SÓL ÉG SÁ eftir Ólöfu Nordal
er Kærleikskúla ársins 2019

Styrktu brosin í sumarbúðunum Reykjadal þar sem fötluð börn og ungmenni gleðjast án hindrana

Sölustaðir á Norðurlandi
Blómaval Akureyri - Húsgagnahöllin Akureyri
Casa Akueryri - Blóma- og gjafabúðin Sauðárkróki
Soroptimistar Húsavík

WWW.KAERLEIKSKULAN.IS


NORÐLENSKT
KOFAREYKT
HANGIKJÖT
KJARNAFÆÐI
HLUTI AF FJÖLSKYLDUNNI
Dálæti sumra á Kofareykta hangikjötinu frá Kjarnafæði virðist engum takmörkunum háð. Það er vissulega skemmtilegt að ljúffengt hangikjötið öðlist þann virðingarsess sem hér má sjá, en auðvitað nýtur það sín betur á matarborðum landsmanna, þar sem það hefur í áranna rás glatt og satt Íslendinga og skapað sannkallaða hátíðar- og jólastemmningu, enda um sérlega bragðgott hangikjöt að ræða.
Kofareykta hangikjötið frá Kjarnafæði er sérvalið fyrsta flokks lambakjöt með ljúffengu, ríku og hefðbundnu íslensku reykbragði, verkað og reykt af kjötiðnaðarmeisturum fyrirtækisins.
KJARNAFÆÐI
allt & sumt

Aðventuhátíð og hið árlega jólabað í Jarðböðunum

■ Hið árvissa jólasveinabað verður í Jarðböðunum við Mývatn næsta laugardag, þann 7. desember.

„Jólasveinarnir í Dimmuborgum ætla að koma í sitt árlega jólabað hér hjá okkur á laugardaginn og hefst atgangurinn kl. 16:00. Bræðurnir eru þennan dag að undirbúa sig fyrir jólin og áður en þeir fara í baðið sitt ætla þeir að gefa sér tíma til að taka á móti gestum, spjalla, syngja, segja sögur, fara í leiki og margt fleira skemmtilegt á milli kl 11:00 og 13:00 á Hallarflötinni í Dimmuborgum," segir Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, mannauðs- og markaðsstjóri Jarðbaðanna við Mývatn.

Jarðböðin við Mývatn eru fyrir alla sem vilja njóta þess að vera í beinni snertingu við náttúruna, slaka á og endurnæra líkama og sál. Þar er að finna náttúruleg gufuböð, baðlón með heitu hveravatni og heitan pott auk góðrar veitingaaðstöðu. Jarðböðin voru opnuð árið 2004 á heitum reit þar sem sagt er að Guðmundur góði biskup hafi vígt gufuholu snemma á 13. öld. Ekki er vitað hvort jólasveinarnir hafi mætt á svæðið þá en hitt er vitað að undanfarin ár hafa þeir heimsótt Jarðböðin nokkrum vikum fyrir jól.

■ Það er dásamlegt að dýfa sér í baðlón Jarðbaðanna þegar frostið bítur og snjórinn liggur yfir öllu.

Á laugardaginn verður einnig markaðsdagur í Jarðböðunum kl. 14-18. Þar verður í boði ýmislegt sem tilvalið er að setja í jólapakkann. Ragnhildur hvetur Norðlendinga og aðra landsmenn til að leggja leið sína í Mývatnssveit, kíkja á markaðinn og njóta þess að virða fyrir sér útsýnið yfir Mývatn úr baðlóninu. „Það er tilvalið að koma til okkar með fjölskylduna í aðdraganda jóla og gefa sér góðan tíma til að slaka á og njóta þess að vera til," segir Ragnhildur.

jardbodin.is

Rúbín JÓLAKAFFI

Fínmalað og kaffibaunir

Jólin eru tíminn til að leyfa sér það besta,
Rúbín jólakaffið er sannkallaður munaður
og hreinn unaður að njóta.

Jólakaffi á sér langa sögu, eða allt frá árinu 1955. Kaffið hefur verið framleitt fyrir hver jól í takmörkuðu magni við miklar vinsældir.

Útlit á umbúðunum er nánast óbreytt frá fyrstu tíð og fangar jólaandann.

KAFFIBRENNSLAN AKUREYRI

JMJ og Joe's eru með herratískuna á hreinu

Föt fyrir karlmenn á öllum aldri

■ Þeir eru tilbúnir í jólaverslunina afgreiðslumennirnir í JMJ og Joe's. Frá vinstri: Ragnar Sverrisson, Kjartan Ingvar Jósavinsson og Jón M. Ragnarsson.

„Við erum klárir fyrir jólin og fylgjumst vel með tískunni eins og við höfum alltaf gert. Hingað í JMJ og Joe´s eru allir velkomnir að skoða allt það nýjasta á karlpeninginn og við bjóðum fatnað frá toppi til táar á karlmenn á öllum aldri. Ég get lofað góðri þjónustu og léttleika því markmið okkar í þessum herrafataverslunum er að allir gangi glaðir og ánægðir frá viðskiptunum," segir Jón M. Ragnarsson í herrafataverslununum JMJ og Joe's í miðbæ Akureyrar en þar er jólaverslunin að ná hámarki.

Jakkaföt við stór tilefni

Herradeild JMJ þarf ekki að kynna fyrir Norðlendingum en fyrirtækið byggir á gömlum grunni, stofnað árið 1956. Árið 1995 var svo Joe´s bætt við en það er deildin sem þjónustar yngri mennina.

„Raunar eru þessi mörk á milli eldri og yngri stöðugt að þynnast út. Eldri menn eru t.d. óhræddari en áður að velja sér þröngar buxur eða aðsniðna jakka og strákar á öllum aldri fylgjast vel með tískunni. Það er þá helst að yngri menn velji sér mynstraðri skyrtur og köflóttari föt en þeir eldri velja fremur þessi dökku og einlitu efni. Klassísku jakkafötin halda samt alltaf gildi sínu og breytast lítið í gegnum árin."

Jón segir algengt að menn eignist sín fyrstu jakkaföt fyrir ferminguna og síðan kaupi menn sér ný föt öðru hvoru út ævina þegar kemur að árshátíðum, afmælum eða stórhátíðum eins og jólunum. „Við stór tilefni vilja allir karlmenn eiga góð og falleg jakkaföt."

Góð föt – góð þjónusta

„Það hefur alltaf verið þannig í þessu fyrirtæki að áherslan er á góðar vörur og toppþjónustu. Þetta breytist ekkert þótt nýjar kynslóðir hafi tekið við rekstrinum. Við kaupum nær allar okkar vörur frá Danmörku og Þýskalandi og leggjum okkur fram um að fylgjast vel með stefnum og straumum í þessu öllu saman. Okkar markmið er alls ekki að pranga vörum inn á viðskiptavinina heldur vinna með þeim að bestu lausninni þannig að þeir fari glaðir og ánægðir frá okkur. Hluti af því er líka að breyta fötum og að sjálfsögðu er slík þjónusta þeim að kostnaðarlausu."

Föt í jólapakkann

„Góður fatnaður er alltaf vel þeginn í jólapakkana og hér er hægt að velja úr ógrynni vara á borð við peysur, boli, jakka, buxur, skó og sokka – raunar allt frá nærfötum upp í alklæðnað. Fötin koma sér alltaf vel því allir þurfa jú að klæða sig. Og það er einmitt svo gaman að afgreiða fólk sem er að kaupa inn til gjafa og m.a. þess vegna eru jólin skemmtilegasti tími ársins í vinnunni," segir Jón M. Ragnarsson að lokum og býður gesti og gangandi velkomna í JMJ og Joe´s á Akureyri.

■ Jólagjafir og jólaföt í Joe's.

■ Vandaðir skór fyrir herrann.

Facebook: JMJ herradeild og Joe´s tískuverslun

Ertu með app

fyrir Vaðlaheiðargöng?

APPIÐ:

Með veggjaldsappinu er hægt að skrá bílinn og borga fyrir að keyra í gegnum Vaðlaheiðargöng. Svo er hægt að fylgjast með stöðunni, fá ferðaupplýsingar og sjá stöðuna á fyrirframgreiddum ferðum.

ÞJÓNUSTUVER:

Aðstoð við skráningu ökutækis eða frekari upplýsingar má fá með því að hringja í þjónustuver Vaðlaheiðarganga í **síma 464 1790** eða senda tölvupóst á **veggjald@veggjald.is**

Þjónustuverið er opið virka daga frá kl. 9 til 16

VEGGJALD.IS
VAÐLAHEIÐARGÖNG

veggjald.is

Download on the App Store

ANDROID APP ON Google play



Barnamorgnar í Hofi

Jafnvægislist og líf í norðri

■ **Á Barnamorgni 29. mars fáum við að vita ýmislegt um ísbirni og líf á Norðurslóðum.**

Barnamorgnar í Hofi eru orðnir fastir punktar í tilveru margra fjölskyldna á Akureyri og er margt á döfinni í vetur sem er ástæða til að hlakka til. Fyrr í vetur hefur verið efnt til umræðu um gildi tónlistar í kvikmyndum og íslenskan þjóðsagnaarf.

Þann 15. mars bjóða Húlladúllan og MAk börnum á aldrinum 8-12 ára að spreyta sig á sirkuslistum og er þemað leyndardómar jafnvægislistanna. Þar er efnt til smiðju þar sem krakkarnir fá að halda jafnvægi á bæði töfrafjöðrum og kínverskum snúningsdiskum og svo allskonar óhefðbundnum áhöldum. Þátttaka í smiðjunni er öllum að kostnaðarlausu en nauðsynlegt er að skrá sig til leiks. Húlladúllan er Unnur María Máney Bergsveinsdóttir en hún er sjálfstætt starfandi sirkuslistakona, búsett á Ólafsfirði.

Þann 29. mars er svo tekið fyrir efnið: Hvað einkennir líf á Norðurslóðum? Hvað þýðir það að búa á Norðurslóðum? Erum við bara að tala um ísbirni, norðurljós og ínúíta eða er þar eitthvað fleira? Geta krakkar búið þar? Þessi Barnamorgunn er í tilefni af Vísindavöku Norðurslóða sem fram fer í Háskólanum á Akureyri 27. mars-2. apríl.

Norðurorka er styrktaraðili Barnamorgna Menningarfélags Akureyrar. Ekkert þátttökugjald er á Barnamorgnum.

mak.is

JÓLAHLAÐBORÐ
Á EYRIN RESTAURANT Í HOFI

Nóvember

S	M	Þ	M	F	F	L
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

Desember

S	M	Þ	M	F	F	L
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

Fullorðnir **8.900** | *6-12 ára* **4.450** | *5 ára og yngri* **FRÍTT**

JÓLABRUNCH
ALLA SUNNUDAGA TIL 22. DES

Fullorðnir **4.450** | *6-12 ára* **2.225** | *5 ára og yngri* **FRÍTT**

Upplýsingar og bókanir - **info@eyrinrestaurant.is**

Ertu á leið í Hof?
Pantaðu veitingar hjá okkur í hléi á tix.is

.is eyrinrestaurant.is
eyrinrestaurant
eyrinrestaurant

eyrin RESTAURANT

Myndalegar jólagjafir

Canon EOS 4000D
Kort og taska fylgir

59.900,-
Verð áður: 64.900,-

Canon PS G7X
Mögnuð vasavél

99.900,-
Verð áður: 109.900,-

Þessi er mögnuð!

Canon EOS 250D

99.900.-
Verð áður: 104.900,-

Námskeið fylgir
4K Video og WiFi

GoPro

HERO 8 BLACK

Klikkuð gæði í jaðarsportið!

69.900,-

Þetta er málið!

instax mini 9
Instant Camera

14.900,-

Sæktu framköllunarappið í appstore og pantaðu myndir og stækkanir til jólagjafa.

www.pedro.is

Pedromyndir
Skipagata 16 • 600 Akureyri • 462-3520

Laufabrauð og aðventuterta

Á Norðurlandi, og raunar víðast á landinu, eru jólin ekki komin nema fjölskyldan komi saman til að skera og steikja laufabrauð sem auðvitað er ómissandi á jólaborðið. „Já, það er óhætt að segja að laufbrauðið hafi fyrir löngu skapað sér fastan sess í jólahaldi Íslendinga og við erum önnum kafin í laufabrauðsbakstrinum þessa daga," segir Vilhjálmur A. Einarsson, sölu- og markaðsstjóri í Kristjánsbakarí á Akureyri.

Kristjánsbakarí er fyrir löngu landsþekkt fyrir laufabrauðið sitt en móðurfyrirtæki þess, Gæðabakstur, framleiðir nær öll laufabrauð landsins.

„Starfsmenn eru í önnum við að flytja framleiðsluna í gámavís í verslanir um land allt nú fyrir jólin. Þá erum við fyrst og fremst að tala um steikt laufabrauð í öskjum sem eru tilbúin á borðið. Fyrir þá sem vilja steikja sjálfir erum við líka með laufabrauð sem fólk getur skorið og klárað dæmið. Við látum svo framleiða fyrir okkur Kristjáns steikingarfeitina en það er hálffljótandi 100% transfitulaus plöntufeiti og er auðvitað best fyrir laufabrauðið en einnig til steikningar á kleinum og ástarpungum," segir Vilhjálmur enn fremur.

Fyrir jólin í fyrra bauð Kristjánsbakarí upp á sérstaka aðventutertu og við spurðum hvort hún væri komin í bakaraofninn fyrir þessi jól? „Þessi góða terta sló alveg í gegn í fyrra og við munum einnig bjóða hana núna fyrir sælkerana sem vilja fá eitthvað gott með jólakaffinu að lokinni góðri máltíð. Aðventutertan er eitthvað sem ég veit að margir bíða eftir."

■ **Aðventutertan frá Kristjánsbakarí sló í gegn í fyrra.**

braudgerd.is

■ **Vilhjálmur A. Einarsson er sölu- og markaðsstjóri í Kristjánsbakarí á Akureyri.**

VERTU KLÁR Í SKÍÐAVETURINN

» Herraskíði
» Dömuskíði
» Barnaskíði
» Skíðaskór
» Skíðabúnaður
» Gönguskíði

elan
Always Good Times

Rex
The King of Ski Waxes

PELTONEN

alpina

HORNIÐ
www.utivistogveidi.is

SKÍÐASPORT.IS

útivistarverslun - Kaupvangsstræti 4 - 600 Akureyri
Sími 461 1516 - www.utivistogveidi.is

AB varahlutir við Glerárgötu

Tvennt sem skiptir máli

■ **Valgeir Andri Ríkharðsson hjá AB varahlutum á Akureyri. „Það eru svipir sem þú sérð bara einu sinni á ári þegar þínir nánustu opna pakka með splunkunýjum bremsu-diskum!“**

„Ég myndi segja að AB á Akureyri séu miðstöð þess sem skiptir máli um jólin. Það er að vísu bara tvennt. Annars vegar að allir komist öruggglega á milli staða og hins vegar að allir, ungir og ekki síður grárri, nýti tímann og geri eitthvað skemmtilegt,“ segir Valgeir Andri Ríkharðsson hjá AB varahlutum á Akureyri. AB varahlutir sérhæfa sig í öllu sem viðkemur bílnum með öryggi og hagkvæmni að leiðarljósi. Öruggt viðhald, hágæða varahlutir, bílstólar fyrir yngstu farþegana og verkfæri til að vinna verkin.

Veturinn klár hjá sleðafólki

Í AB á Akureyri fæst allt fyrir vélsleðasportið. Gallinn, hanskarnir, skórnir, öryggis- og snjóflóðavarnir og annar búnaður. Vinsæl merki leynast í versluninni eins og Arctic Cat, FXR, BCA, CKX, Acerbis og Motorfist. „Markmiðið er að þú fáir allt sem tengist sleðanum á sama stað. Ef þú ert á algjörum núllpunkti geturðu samt mætt, því þú færð líka sleðann sjálfan og kerruna hjá okkur ef út í það er farið.“

Desember líflegur í varahlutum

„Desember kemur yfirleitt árlega en alltaf skal hann koma flatt upp á suma. Á þessum tíma er að mörgu að huga og margt mikilvægt sem við eigum til að geyma rétt á meðan á jólunum stendur. Eitt af því er til dæmis að huga að bílnum. Það vill þannig til að hlutirnir bila yfirleitt þegar þeir eru í notkun og þegar við þurfum hvað mest á þeim að halda. Óvænt útgjöld eru aldrei spennandi um jólin en þar kemur AB sterkt inn. Ef eitthvað skyldi klikka þá er um að gera að líta í AB, ég er viss um að við getum komið bílnum í toppform án þess að þú þurfir að fresta jólunum. Svo er ég alltaf að reyna að koma fleiri varahlutum í jólapakkana. Það eru svipir sem þú sérð bara einu sinni á ári þegar þínir nánustu opna pakka með splunkunýjum bremsudiskum,“ segir Valgeir Andri.

akureyri.ab.is

FVSA

Ert þú í réttu **stéttarfélagi ?**

FÉLAGAR Í FÉLAGI VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS ATHUGIÐ:

Síðasti skiladagur vegna styrkja 2019

Vekjum athygli á að skila þarf gögnum til félagsins vegna styrkja úr sjúkrasjóði og starfsmenntasjóði í síðasta lagi **27. desember nk.**

Það sem kemur inn eftir þann tíma verður greitt í lok janúar og færist sem styrkur 2020.

Þeir sem fengu úthlutað orlofsstyrk vegna 2019 þurfa einnig að skila inn gögnum í síðasta lagi **27. desember** ef þeir ætla að nýta styrkinn, annars fellur hann niður.

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

Skipagötu 14
600 Akureyri

Sími 455 1050
fvsa@fvsa.is

Afgreiðslan er opin
mán–fim kl. 8–16
og fös kl. 8–13

www.fvsa.is

Við erum á leiðinni á toppinn!

Ný og frábær stólalyfta verður tekin í notkun eftir áramótin. Hún fer með þig hærra í skíðaparadísina í Hlíðarfjalli.

blekhonnun.is

Vetrarkort

23% afsláttur fram að opnun skíðasvæðisins

Kíktu á **miðasöluvefinn** á hlidarfjall.is

Hlíðarfjall Akureyri

Sími: 462–2280

Opnunartíma má sjá á hlidarfjall.is

Fylgstu með *Hlíðarfjall Akureyri* á facebook

Akureyrarbær

Tískufatnaðurinn er í Imperial

Tískuverslunin Imperial hefur verið á Glerártorgi frá því árið 2008 og þar er að finna hátískufatnað fyrir dömur og herra á öllum aldri. „Við leggjum áherslu á fjölbreytt vöruúrval, mikil gæði og góða þjónustu. Og hér fer verslunin vaxandi dag frá degi og allir að komast í jólaskap," segir Dórótea Jóhannsdóttir verslunarstjóri í Imperial á Akureyri.

Imperial er verslun fyrir bæði kynin og úrvalið þar endurspeglar þá skemmtilega fjölbreyttu fatatísku sem er í dag. Það er vandalítið að finna eitthvað í jólapakkann í Imperial og allir ættu að geta fundið sér þar föt við hæfi fyrir jólin.

■ „Verslunin er vaxandi dag frá degi og allir að komast í jólaskap," segir Dórótea Jónsdóttir, verslunarstjóri í Imperial.

Loðpelsar og pallíettur

„Já, það er engin hætta á öðru. Við leggjum mikið upp úr því að hafa fjölbreyttar vörur, ekki bara fötin sjálf heldur ekki síður alla fylgihluti eins og skart, hanska, skó, veski, trefla, húfur o.s.frv. Við flytjum flestar okkar vörur inn frá París og svo Manchester í Bretlandi og í hverri sendingu er alltaf eitthvað nýtt að finna. Ef við lítum á kvenfatnaðinn þá er alltaf mikið um pallíettur og glimmer og svo hafa hvers konar loðföt verið að koma sterk inn. Það eru m.a. pelsar úr gerviefnum og herðaslár. Einnig erum við með mikið úrval af flottum kápum og svo auðvitað kjóla og annað sem konur vilja klæðast til hátíðarbrigða. Í bæði kjólum, bolum og leggings hefur velúr verið að koma sterkt inn og líkt og hjá herrunum sækjast margar konur eftir að eiga góða kósípeysu til að grípa á köldum vetrardögum," segir Dórótea.

Kínakraginn kominn aftur

Dórótea segir að það séu meiri sveiflur í tískunni hjá konunum og meira úr að velja en í karlafötunum enda þótt þar sé líka gott úrval. „Karlatískan er miklu stöðugri en þó eru alltaf einhverjar breytingar og stundum fara þær bara í hringi. Núna er t.d. kínakraginn kominn sterkur inn aftur en svoleiðis skyrtur voru víst í tísku fyrir mörgum árum. Þá eru skyrturnar hjá strákunum með meira mynstri en áður var. Annars eru

■ Mikið úrval af kvenfatnaði fyrir jólin

karlarnir alltaf mest að kaupa stakar buxur, skyrtur og peysur og svo meira mynstraða jakka en áður var. Jakkafötin eru oftast einlit og mest í dökkum litum. Það er alltaf klassískt. Fyrir jólin er svo upplagt fyrir herrana að bæta aðeins í fataskápinn og fá sér góðan frakka. Við eigum nóg af þeim hér í Imperial."

Vefverslun í loftið

Dórótea verslunarstjóri minnir í lokin á vefverslunina sem nú er verið að opna á síðunni imperial.is „Við erum með stóran kúnnahóp úti á landi og með vefversluninni viljum við auðvelda fólki að kaupa inn, ekki síst þeim sem búa fjarri Akureyri eða finnst bara þægilegra að versla á

■ Kjólar og kápur á dömurnar.

■ Falleg og góð jakkaföt slá alltaf í gegn hjá herrunum.

vefnum. Á bæði Facebook og Instagram er líka hægt að skoða vörurnar okkar og panta þær beint þaðan. Og þeir sem panta af vefnum hjá okkur fá vörurnar sendar frítt heim til sín fram til áramóta. Með öðrum orðum – það er auðvelt að fata sig upp fyrir jólin í Imperial og kaupa góðar jólagjafir í leiðinni," segir Dórótea Jóhannsdóttir verslunarstjóri að lokum.

imperial.is

Jólatónleikar og jólaævintýri í Hofi

■ Norðurljósin skína skært í Hofi.

■ Tónleikarnir Heima um jólin verða um aðra helgi í Hofi.

Næstu tvær helgar nær jólatónleikahald í Hofi á Akureyri hápunkti á aðventunni. Nú um helgina verða þrennir tónleikar árlegra Norðurljósa og á sunnudaginn sýna dansnemendur Steps Dancecenter jólaævintýrið Hvít jól eftir Karen Jóhannsdóttur á fjórum sýningum.

Um aðra helgi verða síðan jólatónleikar Rigg viðburða, Heima um jólin. Þrennir tónleikar verða laugardaginn 14. desember og lokatónleikarnir sunnudaginn 15. desember.

mak.is

Þórhallur - effekt.is

Miði á **5** söfn í **360** daga

Á pappír alveg eins og í gamla daga eða rafmögnuð framtíð í snjalltækið, sama verðið; **2.200** kr.

minjasafnid.is

MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI MUSEUM

■ María Borg Gunnarsdóttir, starfar í Lögreglunni á Akureyri jafnramt námi til BA-prófs í lögreglufræðum.

Gamall draumur að starfa í lögreglunni

„Það var gamall draumur hjá mér að ganga til liðs við lögregluna þegar ég yrði stór," segir María Borg Gunnarsdóttir sem lauk diplómanámi í lögreglu- og löggæslufræðum á liðnu vori og stundar nú áframhaldandi nám til BA-prófs í greininni við Háskólann á Akureyri. Meðfram fullu námi við háskólann starfar hún hjá Lögreglunni á Akureyri og líkar vel.

María Borg ólst upp á Eyrinni, hún gekk í Oddeyrarskóla og þaðan lá leiðin í Menntaskólann á Akureyri þaðan sem hún lauk stúdentsprófi af málabraut. Eftir það lagðist hún í ferðalög. „Ég vildi sjá eitthvað af heiminum og gera eitthvað nýtt og skemmtilegt áður en ég tæki ákvörðun um hvað ég gerði næst," segir hún.

Ferðahugurinn leiddi Maríu meðal annars í 8 mánaða langt ferðalag sem hófst á Íslandi og lauk í Suður-Afríku, en þangað var ekið eftir vesturströnd Afríku sem getur verið býsna hættulegt ferðalag. „Þetta var ótrúlega gaman og virkilega lærdómsrík ferð," segir hún er í henni tóku þátt 15 ungmenni sem ekki þekktust áður, þar af var einn Íslendingur auk Maríu. Hún bjó einnig í London í hálft ár en kom heim haustið 2017 og hóf þá nám í Lögreglu- og löggæslufræðum við Háskólann á Akureyri. Tveggja ára diplómanámi lauk í byrjun sumars 2019 en María ætlar að ná sér í BA-gráðu og er því í vetur í fullu námi við að ljúka því næsta vor. „Það er alveg nóg að gera hjá mér, en þetta hefst allt saman með góðu skipulagi," segir hún samhliða náminu starfar María Borg hjá Lögreglunni á Norðurlandi eystra.

Kann vel við lögreglustarfið

María segir að í sinni fjölskyldu sé engin lögreglumaður þannig að fyrirmyndirnar sæki hún ekki þangað. „Ég hafði einhvern veginn alltaf á tilfinningunni að þetta starf gæti átt vel við mig. Ég kann ekki við mig á sama stað á skrifstofu hreyfingarlaus allan daginn, ég vil vera á ferðinni og eiga fjölbreyttan vinnudag. Sú ósk rætist heldur betur í lögreglustarfinu, þar sem nægum og mismunandi verkefnum þarf að sinna og við erum aldrei á sama stað," segir hún. Námið við háskólann segir hún að mestu leyti hafa undirbúið lögreglunema undir það sem í vændum var, en hafi þó í byrjun borið þess merki að hafa verið sett upp með skömmum fyrirvara. „Við nemarnir gerðum nokkrar athugasemdir og tillit var tekið til þeirra þannig að þetta er allt á góðri leið," segir hún.

María hefur starfað hjá lögreglunni á Akureyri frá því sumarið 2018 en hefur ekki fasta stöðu. Þær hafa verið af skornum skammti en tvær lausar stöður eru auglýstar um þessar mundir. „Þetta er góður vinnustaður, mér finnst andinn góður og fólkið sem ég starfa með er afbragðsgott. Þetta er mátulega stór vinnustaður, ekki of lítill og ekki of stór. Bærinn er líka þannig að það er nóg að gera og verkefnin af ýmsum toga, það kemur margt upp á en inn á milli kemur alveg rólegur tími sem þá er hægt að nýta í frumkvæðisvinnu, umferðaeftirlit og þess háttar sem skilar sér alltaf."

Jóhannes Sigfússon aðstoðaryfirlögregluþjónn

Ánægjulegt að lögreglukonum fjölgi

„Það er allt annað yfirbragð yfir lögreglunni hér á Akureyri núna en var í eina tíð. Það er ekki svo ýkja langt síðan hér var ekki ein einasta kona að störfum. Í liðinu eru nú 8 fastráðnar konur og 6 lausráðnar. Fyrsta konan í fullu starfi hjá rannsóknadeild hefur nýlega tekið til starfa og þá er ein kona í hópi aðalvarðstjóra, en sá sem ber þann starfstitil stjórnar hverri vakt fyrir sig," segir Jóhannes Sigfússon aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Norðurlandi eystra.

Jóhannes segir fjölgun kvenna í lögreglunni norðan heiða í takt við tíðarandann, konur hasli sér hvarvetna völl og innan lögreglunnar þar með. Hann segir það ánægjulegt að konum sé að fjölga í lögregluliðinu en ekki síður sé það fagnaðarefni að þær taki að sér aukna ábyrgð. Lögreglan sé hluti af samfélaginu og eigi að endurspegla það.

IMPERIAL
Akureyri

TÍSKUVÖRUVERSLUN GLERÁRTORGI Opnunartími: Mán til föstud. 10-18.30, laugard. 10-18, sunnud. 12-17

IMPERIAL

Akureyri

TÍSKUVÖRUVERSLUN GLERÁRTORGI Opnunartími: Mán til föstud. 10-18.30, laugard. 10-18, sunnud. 12-17

Jólastemning í Casa

„Salan er mjög stígandi og er raunar búin að vera það síðan í byrjun nóvember. Ég er ekki frá því að jólainnkaupin hafi hafist fyrr en undanfarin ár og er það til marks um að fólk er orðið skipulagðara en áður var. Hingað á Glerártorgið koma margir þessa dagana, ekki síst um helgar því við þjónum stóru svæði í héruðunum umhverfis Akureyri. Það er sannarlega komin jólastemning í Casa," segir Hilda Eichmann, verslunarstjóri Casa á Glerártorgi.

■ Hilda Eichmann og Karen Björnsdóttir i Casa á Glerártorgi.

Alltaf eitthvað nýtt

Aðspurð segir Hilda verslunina vera stútfulla af nýjum vörum. „Það eru nýjungar að koma inn allt árið og núna í haust fengum við til dæmis þrjár nýjar línur til okkar sem er skemmtileg viðbót við flóruna sem fyrir var. Við stækkuðum línuna í Design Letters sem framleiðir stafabollann góða og fengum meira að segja skartlínuna frá þeim sem er algjört æði. OYOY línan er einnig virkilega skemmtileg og öðruvísi og svo er það SPECKTRUM línan sem hefur heldur betur slegið í gegn. Dásamleg hönnun, speglar, vasar og stjakar sem njóta sín á hverju heimili og er mögulega jólagjöfin í ár hjá okkur. Það er einnig notalegt að vera fallega upplýstur í skammdeginu og þá eigum við einmitt gott úrval af fallegu lömpunum frá Umage og Kartell. Ég get líka nefnt Mr. Wattson lampann frá Piffany, sem hægt er að setja í hinar ýmsu stellingar og svo krúttlegu Heico dýralampana fyrir yngstu kynslóðina. Það er nóg til!" segir Hilda.

Iittala og Rosendahl

„Finnsku Iittala vörurnar standa alltaf fyrir sínu enda er þar um að ræða tímalausa hönnun. Þaðan koma margar nýjungar í vetur sem gaman er að skoða og ég er viss um að þeir sem safna þessum vörum finna hér margt áhugavert. Múmínbollinn er alltaf vinsæl söfnunarvara en sú vinsæla lína hefur gefið ævintýrum Tove Jansson nýtt líf í fallegum og skemmtilegum borðbúnaði. Einnig get ég nefnt Rosendahl línuna sem er

■ Litskrúðugir lampar frá Kartell og fallegir munir í Specktrum línunni.

sterk söluvara hér hjá okkur ár eftir ár. Grand Cru matarstellið frá Rosendahl er t.d. alltaf stílhreint og klassískt og fellur vel inn í hvaða eldhús sem er. Það er mjög algengt að fólk sem er t.d. að byrja að búa, ákveði að safna sér línum frá þessum framleiðendum og þá er mjög þægilegt fyrir fólk að geta alltaf fundið góðar jólagjafir hjá okkur sem hitta alveg í mark. Dæmi um þetta eru matarstellin, glasalínan, föt og eldföstu mótin frá Rosendahl," segir Hilda.

Alltaf gaman í desember

„Hér er alltaf gaman að vinna í desember. Með mér í Casa vinnur frábært starfsfólk sem leggur sig fram um að taka vel á móti viðskiptavinunum og skapa sanna jólastemningu í búðinni. Við spilum jólalög og bjóðum upp á piparkökur og njótum jólaandans. Starfsfólkið gerir sitt besta til að þjónusta kúnnana, við pökkum gjöfunum fallega inn fyrir þá sem vilja og afgreiðum viðskiptavinina með brosi á vör. Alltaf gaman að gefa fallega pakka."

Að lokum má minna á vefverslunina casa.is en þar er hægt að skoða allar vörurnar, panta og fá sent með pósti. „Þetta er mjög þægileg síða og auðvelt að versla þar fyrir þá sem einhverra hluta vegna komast ekki til okkar í búðina. Það ættu allir að finna eitthvað fallegt í jólapakkann hjá okkur í Casa," segir Hilda að síðustu.

casa.is

KEX smiðjan

Gleðileg jól

SMÁKÖKU

■ **Starfsmenn þjónustuvers veggjald.is og Vaðlaheiðarganga. Fra vinstri: Andrea Margrét Þorvaldsóttir, þjónustustjóri, Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri, Arnar Már Sigurðsson, rekstrarstjóri og Paula del Olmo, þjónustufulltrúi.**

Fyrsta ár Vaðlaheiðarganga senn að baki

„Kerfið að baki innheimtu veggjaldanna hefur gengið mjög vel og reynslan er sú að myndavélakerfið les um 97% bílnúmera, á liðnu sumri var hlutfallið 99%. Markmiðið með því að hafa kerfið rafrænt og sjálfvirkt var að stórlækka rekstrarkostnað við innheimtu í göngin miðað við það sem t.d. var í Hvalfjarðargöngum á sínum tíma. Það þýðir að hærra hlutfall af hverju veggjaldi fer í endurgreiðslu lána vegna ganganna," segir Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga, um fyrsta árið í rekstri ganganna en 2. janúar nk. verður ár liðið frá því að innheimta veggjalds hófst í Vaðlaheiðargöngum.

Úrelt kort enn í umferð

Valgeir segir áhugaverða staðreynd að frá því að Vaðlaheiðargöng voru opnuð fyrir umferð hafi heildarumferð milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals aukist miðað við fyrra ár. Þetta sé athyglisvert í því ljósi að færri erlendir ferðamenn hafi verið á þjóðvegum landsins á þessu ári samanborið við 2018. En Valgeir leynir því ekki að áætlanir hafi gert ráð fyrir að hærra hlutfall umferðarinnar milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals færi um göngin strax á fyrsta ári. Fyrstu fjóra mánuði ársins hafi um 85% umferðarinnar farið um Vaðlaheiðargöng en sumarmánuðina, frá maí og til og með ágúst, hafi hlutfall umferðar í Vaðlaheiðargöngum, af umferð milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals, verið um 72%. Sé horft til fyrstu tíu mánaða ársins er hlutfall umferðar um göngin um 74%.

Valgeir bindur vonir við að með tíð og tíma muni hlutfall þeirra sem aka Vaðlaheiðargöng hækka. „Í þessu sambandi má geta þess að á mörgum kortum sem eru í sölu er Víkurskarð merkt sem eina leiðin, sömuleiðis eru margir með eldri útgáfur korta í staðsetningartækjum í bílum og fleira kemur til," segir Valgeir.

Ökumenn til fyrirmyndar

Í sumar var unnið að frágangi á svæðunum bæði vestan og austan ganganna og er hann langt kominn. Aðspurður segist Valgeir ánægður með ökumenn í göngunum. „Kerfið sýnir að meðalhraði frá opnun er 69 km/klst og ekki ber á framúrakstri nema í þeim tilfellum þegar bílar fara mjög hægt. Notendur ganganna hafa því verið til mikillar fyrirmyndar," segir Valgeir.

veggjald.is

VERA DESIGN
Halldór Ólafsson
ÚR OG SKARTGRIPIR
GLERÁRTORGI - SÍMI 462 2509

Kærleikskúla ársins 2019

Sól ég sá eftir Ólöfu Nordal

Kærleikskúlan 2019 hefur verið opinberuð en nk. laugardag 7. desember, hefst sala hennar og stendur fram til 21. desember. Ólöf Nordal er höfundur Kærleikskúlunnar í ár en verkið heitir Sól ég sá. Ólöf Nordal er afkastamikill listamaður og eru verk hennar fjölbreytt. Hún er höfundur margra útilistaverka og minnisvarða á opinberum vettvangi. Nú stendur einmitt yfir yfirlitssýning í Listasafni Reykjavíkur á verkum Ólafar sem spannar tæplega þrjátíu ára feril hennar.

„Ólöf Nordal hefur gefið Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra þetta flotta verk og allur ágóði af sölunni rennur til sumarbúðanna Reykjadals þangað sem fötluð börn og ungmenni koma og skemmta sér án hindrana. Sala Kærleikskúlunnar skipar stóran sess í fjáröflunarstarfi Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra en þetta er í sautjánda sinn sem félagið gefur út Kærleikskúluna en margir af fremstu listamönnum þjóðarinnar hafa lagt félaginu lið með því að skapa listaverk á glerkúluna," segir Hrefna.

■ **Ólöf Nordal er höfundur Kærleikskúlunnar 2019.**

■ **Kærleikskúlan kemur í fallegum gjafakassa.**

Kærleikskúlan var fyrst gefin út árið 2003 en um er að ræða blásna glerkúlu, sem er tær eins og kærleikurinn með borða í rauðum lit, lit lífskrafts og gleði, jóla og vináttu. Markmið með sölu hennar er að auðga líf fatlaðra barna og ungmenna. Listamennirnir sem hafa hannað kúlurnar í gegnum árin hafa allir gefið vinnu sína. Kærleikskúlan 2019 kemur í takmörku upplagi og í fjölbreytt safn af fyrri Kærleikskúlum.

kaerleikskulan.is

Dalsbraut 1 - Akureyri - Sími 461 2700

BAKARÍIÐ VIÐ BRÚNA

Opið: kl. 7 -18 virka daga og kl. 8-17 um helgar

JÓLAGJAFIR

fyrir tónlistarstjörnur framtíðarinnar

Yamaha rafpíanó
þegar vanda skal valið

Numark Mixtrack Pro 3
39.990

Yamaha DTX
raftrommusett á frábæru verði

Kassagítarar í úrvali
frá Taylor, Yamaha, Fender
Camps og Takamine

Tónlist er fyrir alla

Presonus iTwo
heimastúdíópakki

Yamaha P-125
Verð: 109.990

Fender, Kala
og Makala Ukulele
frá 9.990

Trommusett frá
Yamaha, Pearl og Tama

Rafgítarpakkar
frá: 39.990

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Síðumúla 20 | 108 Reykjavík | Sími 415 5600
www.hljodfaerahusid.is

Stofnað 1916

TÓNABÚÐIN
Glerárgötu 30 | 600 Akureyri | Sími 462 1415
www.tonabudin.is

Stofnað 1966

Jólagjöfin fyrir tónlistarmanninn er í Tónabúðinni

■ **Trommur og trommusett af öllum stærðum og gerðum.**

„Í því mikla vöruúrvali sem við erum með hér í búðinni er vandalaust að finna frábæra jólagjöf, allt frá nótnabókum upp í trommusett eða hljóðkerfi. Og allt þar á milli," segir Trausti Ingólfsson, verslunarstjóri í Tónabúðinni á Akureyri. Verslunin flutti í rúmgott húsnæði við Glerárgötu 30 á fyrri hluta árs 2018.

„Verslunin er rúmgóð, opin og aðengileg fyrir viðskiptavini að skoða það sem við höfum að bjóða af vönduðum hljóðfærum frá heimsþekktum framleiðendum," segir Trausti. Nefna má rafmagns- og kassagítara frá Yamaha, Taylor, Ibnez og Fender, trommusett frá Yamaha, Tama og Pearl, píanó og hljómborð frá Yamaha og KORG og fleiri framleiðendum. Fjölbreytt úrval er af strengja- og blásturshljóðfærum, m.a. af fiðlum, blokkflautum, þverflautum og fleiri algengum hljóðfærum í tónlistarnámi yngstu kynslóðarinnar. „Ukulele halda líka alltaf vinsældum sínum, enda frábær hljóðfæri og oft fyrsta skrefið í því að spila á hljóðfæri. Við erum líka með úrval af nótnabókum og kennsluefni fyrir hljóðfæraleik og reynum að vera með það á boðstólnum sem skólarnir eru að nota hverju sinni," segir Trausti.

Og er þá aðeins fátt eitt talið því Tónabúðin leggur einnig mikla áherslu á sölu hljóðkerfa, myndbúnaðar, hljóðbúnaðar, tónlistarhugbúnaðar, DJ búnaðar, ljósabúnaðar að ógleymdum hljómtækjum, mögnurum, streymispilurum og hátölurum.

Hljómtækin verða sífellt fullkomnari og samhæfðari við snjalltæki. Tónabúðin býður hágæða hljómtæki frá Naim og Focal.

„Gæðin í hljómtækjum í dag eru orðin mjög mikil og falleg hönnun sem er gaman að státa af á heimilinu. Hjá okkur er hægt að finna hljómtækin fyrir heimilið sem fá jólatónlistina til að hljóma í bestu gæðum," segir Trausti.

Tónlist er fyrir alla.

tonabudin.is
hljodfaerahusid.is

HÚSASMIÐJAN

blómaval

FROST

Gæðaseríur 6 ár í röð

Húsasmiðjan í Skútuvogi stakk nýlega sömu samtengjanlegu Frost útiseríunum í samband sjötta árið í röð. Flestar þessar seríur hafa fengið að vera á trjánum öll þessi ár.

Fæst eingöngu í Húsasmiðjunni

FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR - FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR - FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

GÆÐA VARA

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið mismunandi milli verslana.

Þú færð Frost seríurnar í Húsasmiðjuverslunum um land allt. Þar á meðal á Dalvík, Akureyri og Húsavík

Húsasmiðjan og Blómaval ...gaman að gera fínt

SJÁÐU ALLT ÚRVALIÐ Í VEFVERSLUN HUSA.IS

■ Berglind Tulinius og Sigurlaug Stefánsdóttir í nýju Skóbúðinni í Sportveri á Glerártorgi. Þar eru í boði skómerki sem ekki hafa áður sést norðan heiða.



■ Fallegir og góðir skór eru sígild og góð jólagjöf.

Ný og glæsileg skóverslun í Sportveri

„Hér er búið að vera mjög líflegt og straumur af fólki undanfarna daga. Við finnum að fólk ætlar að vera snemma í jólagjafastússi þetta árið. Þeir sem hyggja á gagnlegar jólagjafir eða vilja græja sig í íþróttirnar og útivistina eru alltaf velkomnir í Sportver enda mikið úrval af góðum vörum hér hjá okkur," segja þau hjónin Egill Einarsson og Berglind Tulinius í Sportveri Glerártorgi.

Alhliða útivistarvöruverslun

Sportver býður úrval af vörum frá heimsþekktum framleiðendum. „Við erum með öll helstu merkin í íþróttavörum og bjóðum fjölbreytt úrval fyrir flestar ef ekki allar íþróttagreinar. Fremst í flokki er þar Nike en einnig erum við með flottar vörur frá Under Armour, 2XU, Casall og Endurance. Þá bjóðum við líka breiða línu af útivistarfatnaði í háum gæðaflokki og má þar nefna Helly Hansen, Five Seasons, Craft og Zo-on svo eitthvað sé nefnt."

Skór fyrir alla

„Aðalfréttin frá okkur núna er sú að við erum að opna nýja og endurbætta skóbúð í plássinu þar sem hjólin voru en þau flytja á nýjan stað í vor. Hjólin eru þó enn til staðar í versluninni sem stendur og öll þjónusta þeim tengd. Annars vegar erum við með íþróttaskóna og öll helstu merkin þar eins og Nike, Hoka, On, Brooks, Hummel, Helly Hansen, Under Armour og fleira. Hins vegar erum við með svokallaða „brown shoes" sem eru meira tískutengdir götuskór og fínni skór fyrir bæði dömur og herra. Þar bjóðum við upp á ný og spennandi merki sem ekki hafa verið í boði hér fyrir norðan, t.d. Dr. Martens, Billi Bi, Tatuaggi o.fl merki frá Ntc. Að auki eru þekkt merki eins og Vagabond, Ecco, Bullboxer, Urbanfly og fleira spennandi. Þetta er alveg nýtt fyrir okkur og við eigum eftir að fikra okkur áfram á þeim markaði."

Fjölmargt í jólapakkann

Íþróttafatnaður er alltaf jafn vinsæl jólagjöf og þá velja margir Nike. „Ekki er síður vinsælt að gefa hlýja og notalega gjöf og eru þá ullarfötin frá Helly Hansen og Kari Tra tilvalin og falleg gjöf svo ekki sé nú minnst á úrvalið af flottum úlpum frá Nike, Helly Hansen og Zo-on og Five Seasons. Það ætti því ekki að vera erfitt að finna gjöf við allra hæfi. Við erum svo heppin að vera með frábært starfsfólk sem hefur ríka og góða þjónustulund og er tilbúið að aðstoða viðskiptavini okkar að velja eitthvað fallegt og nytsamlegt í jólapakkann," segja þau Egill og Berglind að lokum.

facebook.com/Sportver

Pay Léttkaup

Dreifðu greiðslum, borgaðu eftir jól

Notaðu Pay Léttkaup í desember, dreifðu greiðslum í allt að 36 mánuði og þú byrjar ekki að borga fyrr en í febrúar.

Sækja frá App Store

SÆKJA FRÁ Google Play

siminnpay.is

Kaldi væntanlegur í dósum

„Jóla-Kaldi í ár er mjög góður og viðtökur kaupenda hans staðfesta það," segir Sigurður Bragi Ólafsson, yfirbruggari hjá Bruggsmiðjunni Kalda á Árskógssandi en nú stendur framleiðsla á jólabjór fyrirtækisins sem hæst. Síðasta átöppun segir Sigurður Bragi að verði viku fyrir jól en salan fór á fulla ferð nú strax í nóvember. Óhætt er að segja að Íslendingar séu sólgnir í jólabjór og trúir íslenskri framleiðslu en Bruggsmiðjan Kaldi áformar að framleiða svipað magn af jólabjór og í fyrra.

„Þó mörgum finnist kannski að jólabjórinn bragðist nákvæmlega eins frá ári til árs þá er alltaf einhver munur og ég er sérstaklega ánægður með hvernig til tókst hjá okkur í ár. Munurinn milli ára getur skýrist af mörgum þáttum, bæði hráefnunum og svo líka snýst þetta um þróun í framleiðslunni hjá okkur hér í verksmiðjunni. Gæðin eru alltaf að aukast," segir Sigurður Bragi en þrjár tegundir eru sérstaklega framleiddar fyrir jólavertíðina, þ.e. Jóla-Kaldi, Súkkulaði-Porter og Jóla-Kaldi léttöl.

■ Sigurður Bragi Ólafsson, yfirbruggari Kalda.

Pökkunarlína fyrir dósir væntanleg

Bruggsmiðjan Kaldi hefur verið í stöðugum vexti frá því verksmiðjan hóf starfsemi árið 2006, bæði hvað varðar magn og fjölda bjórtegunda-fjölda. Fyrir skömmu setti fyrirtækið nýjan sérbjór á markað sem er 9,2% að áfengisstyrkleika. Bjórinn heitir Kaldi Belgískur Tripel en í hann er notað bæði tékkneskt og belgískt malt. Önnur nýjung er í farvatninu sem þykir vafalítið tíðindum sæta og hún er sú að áætlað er að setja upp nýja pökkunarlínu í verksmiðju Kalda á fyrri hluta nýs árs og hefja framleiðslu vinsælustu tegunda verksmiðjunnar í dósum, jafnframt átöppun á flöskur.

■ Jólabjór og léttir réttir í veitingahúsi Bjórbaðanna.

„Við höfum löngum sagt að Kaldi yrði eingöngu framleiddur á flöskum fyrir neytendamarkað líkt og við höfum gert frá upphafi en þróun í sölu sýnir að kaupendur eru að sveiflast ákveðið að dósunum. Ástæðan getur verið sú að fólk horfi meira til þess að þær eru að fullu endurvinnanlegar og á þann hátt erum við að styðja þá viðleitni. Auk þess eru dósirnar léttari í flutningi en flöskur og fleiri atriði má nefna. Til að byrja með reiknum við með að framleiða okkar aðal bjóra, ljósan og dökkan, bæði í dósum og flöskum. Vonandi taka okkar viðskiptavinir því vel eins og öðru sem við höfum verið að gera í bjórframleiðslu okkar hingað til," segir Sigurður Bragi.

bruggsmidjan.is
bjorbodin.is

■ Nú fyrir jólin er Kaldi með þrjár gerðir jólabjóra, þ.e. Jóla-Kalda, Súkkulaði-Porter og Jóla-Kalda léttöl.

■ Það er tilvalið að ná úr sér jólastressinu í Bjórböðunum.

Tilvaldar jólagjafir

Svíf þú inn í svefninn

...í rúmi frá okkur!

RÚM

Gleðileg jól

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími 555 0397 | www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á **facebook**

Breyttur opnunartími fram að jólum

Opið alla virka daga frá 09:00-18:00, laugardaga 10:00-16:00, sunnudaga 13:00-16:00

Ný stólalyfta verður bylting fyrir skíðasvæðið í Hlíðarfjalli

„Nýja stólalyftan verður bylting fyrir skíðaunnendur og eitt stærsta framfaraskref sem stígið hefur verið á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli. Lyftan kemur til með að gjörbreyta upplyfun fólks af svæðinu," segir Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli. Þar hefur verið unnið hörðum höndum að því í haust að ljúka uppsetningu á nýrri 1200 metra langri stólalyftu sem bætist við þær lyftur sem fyrir eru. Lyftan er á eftri hluta svæðisins og fer í 1014 metra hæð. Hækkun frá neðri enda lyftunnar er um 340 metrar og því er óhætt að fullyrða að skíðaunnendur komi til með að njóta mikils útsýnis þegar á toppinn verður komið. Tvær stólalyftur eru í Hlíðarfjalli og fjórar toglyftur, auk töfrateppis fyrir yngstu börnin.

„Með tilkomu nýju lyftunnar eykst



fjölbreytnin í valkostum fyrir gesti okkar og fólk mun upplifa svæðið sem heild á nýjan og enn skemmtilegri hátt. Mörgum þykir erfitt að fara í Stromplyftuna sem fyrir er á eftri hluta svæðisins en geta nú farið upp með þægilegri stólalyftu og komist enn hærra en áður. Lyftan kemur líka til með að dreifa álaginu á svæðinu og nýta það á þann hátt betur, auk þess sem nú verða til nýjar leiðir og lengri brekkur," segir Guðmundur Karl en nýja lyftan getur flutt um 1800 manns á klukkustund.

Segja má að unnið hafi verið í kapp við tímann og veðurguðina síðustu vikur og mánuði en Guðmundur Karl segir að opnað verði á svæðinu strax og snjóalög leyfa.

hlidarfjall.is

Gáttaþefur Jólaóróinn 2019

Gáttaþefur er Jólaóróinn Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 2019. Karitas Sveinsdóttir og Hafsteinn Júlíusson hjá HAF STUDIO sáu um hönnun Gáttaþefs og Linda Vilhjálmsdóttir skáld samdi kvæði um kappann. Listamennirnir gefa Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra verk sín og leggja málefninu því mikilvægt lið. Sala Gáttaþefs fer fram í gjafavöruverslunum um land allt dagana 7.-21. desember og í netverslun Styrktarfélagsins.

Gáttaþefur er fjórtándi óróinn í jólasveinaseríu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Allur ágóði af sölunni rennur til Æfingastöðvarinnar, en þar fer fram umfangsmesta sjúkra- og iðjuþjálfun barna á landinu. Þau fá aðstoð sjúkra- og iðjuþjálfa við að bæta færni sína í leik og starfi svo þau geti þroskast, dafnað og notið lífsins. Æfingastöðin sinnir einnig ákveðnum hópi fullorðinna einstaklinga, svo sem þeim sem hafa verið hreyfihamlaðir frá barnæsku eða eru með Parkinsonsjúkdóm.

Karitas og Hafsteinn hjá HAF STUDIO hafa notið mikilla vinsælda fyrir hönnun sína en nýverið opnuðu þau verslunina HAF STORE þar sem þau selja vöru sem þau framleiða sjálf í bland við sérvalda, innflutta vöru. Linda Vilhjálmsdóttir er í hópi fremstu skálda landsins og hefur m.a. verið tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

Jólaóróinn Gáttaþefur kemur í gjafaöskju og honum fylgir bæklingur með kvæðinu Gáttaþefur eftir Lindu Vilhjálmsdóttur skáld.

jolaoroinn.is

Sealskinz er breskt fyrirtæki sem framleiðir einstaka línu af vatnsheldum vörum fyrir höfuð þitt, hendur og fætur.

Sealskinz notast við 3ja laga einkaleyfisskráða tækni í prjónuðum sokkum, hönskum og húfum til að búa til óaðfinnanlegar vörur sem eru algerlega vatnsheldar en anda engu að síður.



SealSkinz endursöluaðilar

Reykjavík GG Sjósport / Örninn reiðhjólaverslun / Lífland / Icewear / Arctic Trucks / Ellingsen **Borgarnes** Lífland **Ísafjörður** Bílaverkstæði SB **Blönduós** Lífland **Sauðárkrókur** Kaupfélag Skagfirðinga **Siglufjörður** SR Byggingavörur **Akureyri** Lífland / Veiðiríkið / Icewear / Hornið veiði og útivist / Jötunn **Húsavík** Skóbúð Húsavíkur **Vopnafjörður** Málningarþjónusta Ingólfs **Egilsstaðir** Jötunn **Neskaupsstaður** Multitask **Reyðarfjörður** Veiðiflugan **Vík í Mýrdal** Icewear **Hvolsvöllur** Lífland **Selfoss** Jötunn **Bláskógabyggð** Gullfosskaffi / Þjónustmiðstöðin Þingvöllum.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

Casa Glerártorg Akureyri

HEKLAISLANDI jól 2019
Eldspýtustokkur verð 890
Servíettur verð 990
Kerti verð 1.990

Gefðu íslenska hönnun í jólagjöf

ÍSLANDSLJÓS
Ódimmanlegt verð 17.990
Dimmanlegt verð 19.990
Snúra verð 2.290

UMAGE EOS
35 cm 13.000
45 cm 19.000

HEKLAISLANDI skúlptúrar
Lóa máluð verð frá 7.500
Djásn Jólaköttur verð 5.790

HER DESIGN óróar
Lítill verð 1.990
Stór verð 5.990

STJÖRNUMERKJAMYNDIR
Lítil verð 2.990
Stór A4 verð 5.990

HER DESIGN styttur
Verð frá 6.990

HER DESIGN
Skuggastjakar verð 2.490

ROSENDAHL
Smákökubox 2stk
Verð 3.490

CUERO gæra
Verð 14.900

RITZENHOFF
Húsilmur verð 3.390
Ilmkerti verð frá 1.690

BIALETTI Mokka span
Verð frá 5.490

LUKKUTRÖLL brons
Verð frá 5.590

KAY BOJESEN Söngfugl
Midnight Blue verð 10.990

OYOY
Blómapottur
Verð frá 7.990

SKAGERAK skurðarbretti
35x24 cm verð 12.900

KÄHLER Jól
Krús verð 3.990

STOFF NAGEL kertastjaki
Antique 3stk verð 19.350

AIDA RAW
Diskur 28 cm verð 2.490
Diskur 23 cm verð 2.190
Diskur 20 cm verð 1.890
Skál 13,5 cm verð 1.890
Diskamotta verð frá 790

Þú færð **jólagjöfina** hjá okkur

DESIGN LETTERS skart
Keðja gull verð frá 5.890
Stafur 10mm gull verð 5.890
Stafur 16cm gull verð 7.990

DESIGN LETTERS bolli
Hvítur verð 2.490
Svartur verð 2.950

HOLMEGAARD
Óróar verð 1.990

HOLMEGAARD
Kökukrús
Verð 7.990

KARTELL Componibili
3ja hæða verð frá 18.900

KARTELL Battery
Lampi verð frá 21.900

NAILBERRY
Naglalökk verð 3.300

Casa

SPECKTRUM
Shadow kertastjakar
Verð 7.290

Jólin komin í Húsasmiðjunni og Blómavali

■ Kristín Dögg Jónsdóttir, rekstrarstjóri Húsasmiðjunnar.

■ Verkfæri eru vinsæl jólagjöf.

„Jólin eru komin í Húsasmiðjunni og Blómavali en þar hafa nokkur ósvikin jólabörn verið að störfum síðustu vikur. Við höfum flutt Blómaval inn í verslunarhúsnæði Húsasmiðjunnar og meðfram því settum við upp jólavörurnar. Við sjáum mikinn hag í þessum breytingum því nú er mun auðveldara að njóta jólavörunnar sem Blómaval býður upp á og bjóðum við viðskiptavini velkomna að kíkja á þessar breytingar," segir Kristín Dögg Jónsdóttir, rekstrarstjóri Húsasmiðjunnar á Akureyri og Húsavík.

■ „Í Blómavali bendir greniilmurinn til þess að viðskiptavinir séu farnir að huga að skreytingum fyrir jólin," segir Kristín Dögg en Blómavali hefur nú verið fundinn nýr staður í húsinu á Lónsbakka.

Útiseríur og gluggaljós

„Það er greinilegt að Akureyringum og nærsveitafólki er umhugað um jólasljósin í vetrarmyrkrinu. Við í Húsasmiðjunni erum stolt af því að selja Frost seríurnar. Þær hafa reynst vel og er endingin á þeim til fyrirmyndar. Í Blómavali erum við farin að sjá jólastjörnur fylla blómaborðin og greniilmurinn bendir til þess að viðskiptavinir séu farnir að huga að skreytingum fyrir jólin. Við munum að venju selja bæði gervi jólatré og lifandi tré, en sú breyting verður í ár að timbursalan mun sjá um sölu á lifandi trjánum, svo þeir fá að vera með í jólastemningunni. Þegar viðskiptavinir hafa keypt sér tré í timburdeildinni geta þeir skellt sér inn í hlýjuna og verslað allt sem þarf fyrir tréð; jólatrésfótinn, skrautið og ljósin."

Margt í jólapakkann

Kristín Dögg segir að gjafavaran í Blómavali sé alltaf vinsæl og búsáhaldadeildin einnig full af vörum sem séu tilvaldar í jólapakkann. „Við höfum einstaklega gaman að því að aðstoða viðskiptavini sem eru hjálpa yngri kynslóðinni við að koma sér upp heimili með því að versla gjafir í heimilstækjadeildinni. Þó að smærri raftæki eins og kaffivélar, brauðristar og vöfflujárn séu vinsælli, þá kemur alveg fyrir að stærri tæki eins og þurrkarar eða ísskápar endi í jólapakkanum. Svo er Húsasmiðjan þekktust fyrir að vera byggingarvöruverslun og hér er því enginn vandi að finna jólagjöfina handa iðnaðarmanninum og því handlagna fólki sem bráðvantar verkfæri."

Að breyta og bæta

Það eru ekki bara mikið að gera í kringum jólavörurnar í Húsasmiðjunni því margir eru að bæta og gera fínt heima hjá sér fyrir jólin. „Jú, það hefur verið nokkur erill, bæði í málningardeildinni og gólfefnadeild. Við höfum nýlega gert breytingar á vöruúrvali hjá okkur í flísum og erum komin með flott úrval af flísum á góðu verði sem vert er að kíkja á," segir Kristín Dögg.

husa.is

Velkomin!

Jólaverslun á Akureyri er skemmtileg
og við tökum vel á móti þér!



KAUPMANNAFÉLAG
AKUREYRAR

Hornið – útivist og veiði

Heimsþekkt merki í búnaði fyrir skíðafólkið

■ **Sveinn Guðmundsson er með mikið úrval af skíðabúnaði í verslun sinni, Horninu – útivist og veiði í miðbæ Akureyrar. Hvort heldur fólk ætlar að kaupa svigskíðabúnað, gönguskíðabúnað eða fjallaskíði.**

„Skíði og skíðabúnaður eru sífellt að verða vinsælli jólagjafir," segir Sveinn Guðmundsson, eigandi Hornsins - útivist og veiði ehf. í miðbæ Akureyrar en óhætt er að segja að þar sé hægt að fá allt það sem skíðafólk vanhagar um fyrir skíðaiðkunina í vetur. Hvort heldur er fyrir svigskíðin, gönguskíðin eða fjallaskíðin.

Stöðugar nýjungar

„Það eru alltaf einhverjar skemmtilegar nýjungar að koma frá framleiðendum, hvort heldur er í skíðum, bindingum, skóm eða skíðastöfum. Áhersla er á að gera búnaðinn léttari en um leið að hver og einn fái það sem hans getustigi hentar. Hér höfum við að bjóða vandaðan búnað í gönguskíðum og svigskíðum fyrir bæði byrjendur sem keppnisfólk," segir Sveinn en stærstu merkin í skíðabúnaðinum í Horninu eru Elan í skíðum, Alpina í skóm, Rex í skíðastöfum og áburði, Peltonen og Alpina gönguskíðum og Rottefella í gönguskíðabindingum. Allt heimsþekktir framleiðendur. Úrval er einnig af fjallaskíðum og fjallaskíðaskóm frá Scarpa. Talsverður hópur fólks stundar þá grein skíðamennskunnar.

■ **Mikil framþróun er í skíðaskónum, líkt og öðru til skíðaiðkunar.**

■ **Skíða- og útivistarfatnaður í úrvali í Horninu.**

Auðveldara að skíða

„Meðal skíðamaðurinn hefur úr mjög góðum kostum að velja í skíðum, hvort heldur eru svigskíði eða gönguskíði. Skíðin eru þannig hönnuð að þau auðvelda fólki að skíða – gera þannig meðalskíðamanninn betri, ef svo má segja. Og í gönguskíðunum er hægt að fá skíði með stillanlegum bindingum, skinni undir skíðunum og þannig hægt að velja hvort þú vilt meira grip eða meira rennsli. Allt eftir því hvað hentar hverju sinni. Og vitanlega erum við svo með úrval af skíðaáburði og á því sviði hefur líka orðið mikil framþróun, líkt og í öðru í skíðaheiminum," segir Sveinn.

Skíðahjálma, gleraugu, skíðafatnað og annað sem þarf í skíðaferðina er að finna í Horninu, líkt og mikið úrval af öðrum útivistarfatnaði, búnaði til útivistar og veiðivörur. Sjón er sögu ríkari.

utivistogveidi.is
skidasport.is

KEA

Bragðið sem býr til jólin

Þegar kemur að jólasteikinni koma málamiðlanir ekki til greina. Þess vegna stólar fólk á Norðlenska því þannig gengur það að gæðunum vísum. KEA hamborgarhyggurinn er sérlega safaríkur, bragðgóður og úr fyrsta flokks hráefni.

BEINT FRÁ ÍSLENSKUM BÆNDUM

NORÐLENSKA

– VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

ARNASYNIR

■ Allt frá stórum rafmagnsverkfærum niður í minni smáhluti er að finna í versluninni.

■ Ryobi er eitt af stórum merkjum í vöruúrvali Verkfærasölunnar.

Jólarautt í Verkfærasölunni

„Það má segja að hér sé allt í jólarauðu en okkar helstu verkfæri eru einmitt fagurrauðu tækin frá Milwaukee sem hafa slegið í gegn á undanförnum árum. Það er engin hætta á öðru en að hér fái menn góðar græjur í jólapakkann. Það er úr nógu að velja," segir Brynjar Schiöth sölumaður í Verkfærasölunni við Dalsbraut 1 á Akureyri.

Verkfærasalan flytur inn vélar, verkfæri, efnavörur, öryggisvörur og festingarvörur frá fyrirtækjum sem eru leiðandi á sínu sviði. Mest seldu rafmagnsverkfærin eru frá Milwaukee og Ryobi en fjölda annarra vörumerkja er að finna í versluninni.

■ Þeir boða rauð verkfærajól, Brynjar Shiöth og Tómas Karl Benediktsson, sölumenn í Verkfærasölunni við Dalsbraut.

Rafhlöðurnar teknar við

„Hér er að finna gríðarlegt úrval handverkfæra fyrir handlagna menn og konur en einnig atvinnutæki fyrir iðnaðarmenn og fyrirtæki. Það hafa orðið miklar tækniframfarir á síðustu árum hvað orkunotkunina varðar og eru langflest tækin okkar, stór og smá, knúin hleðslurafhlöðum. Fyrst komu þær í smærri tæki eins og minni borvélar en nú er hægt að fá fjölbreytt úrval öflugra tækja sem ganga fyrir rafhlöðum til notkunar í m.a. málmiðnaði, fiskiðnaði og útgerð, dekkja- og bílaverkstæðum, jarðvinnufyrirtækjum o.fl. o.fl."

Lítið og stórt í pakkana

Nú eru að verða tvö ár frá því Verkfærasalan opnaði á Akureyri og segir Brynjar umsvifin aukast ár frá ári. Hann bendir á að í Verkfærasölunni sé ekki aðeins að finna rafmagnsverkfæri heldur einnig flest það sem fólk í framkvæmdum þarf á að halda. „Hugmyndir að jólagjöfum eru auðvitað óteljandi eða allt frá ódýrum skrúfjárnum upp í öflugustu raftæki. Besta ráðið er að kíkja við hjá okkur í búðinni og skoða úrvalið," segir Brynjar í Verkfærasölunni að lokum.

vfs.is

vfs.is

ALVÖRU VERKFÆRI JÓLAGJAFIR FYRIR ALVÖRU FAGMENN Á DESEMBERTILBOÐI

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • DALSBRAUT 1, AKUREYRI • S: 560 8888 • **vfs.is**

Fákar og fólk

Úrval eins verðmætasta safns íslenskra hestaljósmynda í nýrri bók

■ **Knapar Léttis á Akureyri í hópreið á Landsmótinu á Vindheimamelum árið 2006. Frá vinstri: Viðar Bragason, Hulda Lilý Sigurðardóttir, Fanndís Viðarsdóttir, Árni Gísli Magnússon og Vignir Sigurðsson.**

■ **Kringla frá Kringlumýri og Sigurður Sigurðarson sigruðu í B-flokki og tölti á Landsmótinu á Melgerðismelum árið 1998.**

■ **Börn skemmta sér vel á kvöldvökunni á Landsmótinu á Vindheimamelum árið 2006.**

Ein af áhugaverðum bókum sem koma út nú fyrir jól heitir Fákar og fólk – Svipmyndir úr hestamennsku í 30 ár eftir Eirík Jónsson ljósmyndara. Alls eru 373 ljósmyndir í bókinni og fjölmargar þeirra af landsfrægu fólki og hestum af Norðurlandi. Það er bókaútgafan Nýhöfn sem gefur út.

Eiríkur Jónsson hóf að mynda hesta fyrir alvöru sumarið 1979 og varð fljótt iðinn við myndatökur á hestamótum og tók þá einkum ljósmyndir fyrir Vísi og síðar DV. Hrossarækt var að taka stórstígum framförum á þeim tíma er Eiríkur hóf að mynda hross og hefur ræktunin aukist jafnt og þétt fram til dagsins í dag, þannig að grunnur myndasafns Eiríks er um leið spegilmynd kynbótahrossaþróunar á Íslandi. Í ljósmyndasafni Eiríks eru nú um 167.000 myndir frá rúmlega 630 viðburðum tengdum hestamennsku. Myndir fyrri ára (1974-1994) eru eingöngu svart-hvítar en eftir það í lit. Eiríkur á myndir af langflestum gæðingum, kappreiðahrossum og kynbótahrossum áranna 1979-2009 auk knapa, umsjónarmanna og eigenda hrossanna. Einnig er í safninu talsvert magn af náttúrulífshestamyndum.

■ **Afkvæmi Ófeigs frá Flugumýri á Landsmótinu á Vindheimamelum árið 1990.**

■ **Þórarinn Eymundsson við reiðkennslu á Hólum í Hjaltadal árið 2005. Knapi: Barbara Wenzl.**

upplifðu

Aðventu ævintýri á Akureyri



Skíðasvæðið opnað
desember
Hlidarfjall.is

Eitthvað fallegt:
5. des.
Græni hatturinn

Jólatónleikarnir
Norðurljós
6. & 7. des.
Hof

Prins Jóló
6. des
Græni hatturinn

Aðventuhelgi
í Lystigarðinum
7. & 8. des. / 14. & 15. des.
Lystigarðurinn

Gildagur - Opnun
í Listasafninu
7. des.
Listagilið

Hátíðartónleikar
Eyþórs Inga
7. des.
Glerárkirkja

Vintage Caravan
7. des.
Græni hatturinn

Hvít jól: Jóladanssýning
Steps Dancecenter
8. des.
Hof

Aðventukvöld
í Nonnahúsi og Minjasafninu
12. des.

Æskujól: Ari Ólafsson,
Karolína Sif
og Pétur Ernir
12. des.
Akureyrarkirkja

Stebbi Jak og Andri Ívars:
Jólatónleikar
12. des.
Græni hatturinn

Jólatónleikar
með Andreu Gylfa
12. des.
R5

Jólastund:
Gréta Salóme
og Daði Freyr
13. des.
Akureyrarkirkja

Lúðar og létt tónlist 13. & 14. des.
Græni hatturinn

Svartar fjaðrir
14. des.
Davíðshús

Heima um jólin
14. & 15. des.
Hof



Jólasöngvar í
Akureyrarkirkju
15. des.
Akureyrarkirkja

Hátíðartónleikar
Tónlistarskólans
18. des.
Hof

Jóla-Góss: Sigríður Thorlacíus
og Sigurður Guðmundsson
18. des. Græni hatturinn

Stjörnublik: Karlakór Eyjafjarðar
og gestir 19. des. Glerárkirkja

Jólatónleikar: KK & Ellen
19. des.
Akureyrarkirkja

Ari Eldjárn:
Áramótaskop
20. des. Hof

Valdimar og fjölskylda:
Jólatónleikar
20. & 21. des.
Græni hatturinn

Þorláksmessutónleikar
Bubba 21. des.
Hof

Jólatónleikar
Jóhönnu Guðrúnar
og Eyþórs Inga
22. des. Hof

Jólatónleikar
Kammerkórsins
Hymnodiu
22. des.
Akureyrarkirkja

Friðarganga
23. des.
Frá Samkomuhúsinu
að Ráðhústorgi

Og margt margt fleira!

Komdu norður!

AKUREYRARSTOFA
Kíktu á visitakureyri.is
#akureyri #hallóakureyri

13 íslensk fjöll í öndvegi í nýrri vörulínu Vorhús

■ Sigríður Björg Haraldsdóttir, grafískur hönnuður og hönnunarstjóri Vorhús.

■ „Bollarnir passa vel í jólapakka útivistarfólks og fjallaunnenda," segir hönnuðurinn.

Fjallasýn er heiti á nýrri vörulínu frá Vorhús og hefur upphaf línunnar nýverið komið á markað. Um er að ræða tvo liti af thermobollum þar sem íslensk fjöll eru í öndvegi. Sigríður Björg Haraldsdóttir grafískur hönnuður og hönnunarstjóri Vorhús hannaði línuna. Bollarnir voru nýlega kynntir á sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur og segir Sigríður að viðtökur hafi verið góðar. „Bollarnir passa vel í jólapakka útivistarfólks og fjallaunnenda en þetta eru í allt 13 íslensk fjöll víðsvegar af landinu sem fá að njóta sín á hverjum og einum bolla," segir hún. Við höfum einnig sett nýja liti í eldri línur af thermobollum og gert diska og skálar í stíl.

Sigríður nefnir einnig að Vorhús kynni nú aðra nýja línu sem eru ilmkerti sem framleidd eru fyrir Vorhús í hinu víðþekkta ilmvatnshéraði Grasse í Frakklandi. Um er að ræða lífræn sojavaxkerti með ekta ilm, blóma- og trjáangan sem gefur hverju heimili notalegan blæ. Kertin eru í glerglasi og segir hún að lagt hafi verið upp með að glasið nýttist áfram þó kertið brynni upp því það er með fallegu silkiþrykktu munstri frá Vorhús.

Öflug umhverfisstefna

Sigríður segir að Vorhús hafi alla tíð haft öfluga umhverfisstefnu að leiðarljósi, það á við um umbúðir utan um vörur sem eru endurvinnanlegar og öll aðföng eru fengin hjá framleiðendum með umhverfisvottaðar vörur. „Við viljum hafa hlutina sem náttúrulegasta, það á við um efnivið í okkar vörum og við sækjum líka innblástur til íslenskrar náttúru við hönnunina. Okkar vörur eru vandaðar og rík áhersla lögð á að endingartími þeirra sé langur. Þessi atriði eru innbyggð í alla okkar starfsemi," segir Sigríður.

Vorhús er um þessar mundir að hefja sitt tólfta starfsár og eru starfsmenn og eigendur afar þakklátir tryggð viðskiptavina í gegnum árin.

vorhus.is

JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN
NJÓTTU
AUGNABLIKSINS
www.naturebaths.is
#myvatnnaturebaths

■ Ýmir Valsson, yfirbarþjónn á Strikinu, hefur sérhannað kokteilaseðil veitingastaðarins.

Stuð og stemning á Strikinu

„Við á Strikinu erum alltaf kát og glöð í desember eins og raunar alla aðra daga. Það er kominn jólafílingur í okkur auk þess sem við höldum upp á 14 ára afmælið okkar 22. desember nk. Hér er því alltaf stuð og stemning. Og svo erum við auðvitað með skötuna á Þorlák eins og venjulega," segir Steinunn Heba Finnsdóttir, framkvæmdastjóri Striksins á Akureyri.

Brunch í jólabúningi

Strikið leggur áherslu á íslenskt hráefni með suður-amerísku og asísku twisti og er m.a. boðið upp á vinsælan smáréttaseðil sem æ fleiri kunna að meta. „Í hádeginu á laugardögum erum við með það sem við köllum „Bunch af Brunch" en það er ekki hefðbundið hlaðborð heldur velur þú þér tvo rétti í einu og svo koll af kolli þar til maginn segir stopp. Fyrir aðeins hærri upphæð geturðu einnig drukkið eins mikið og þú vilt. Í desember settum við jólafíling í seðilinn og er m.a. hægt að gæða sér á hangikjöti og hreindýri svo eitthvað sé nefnt," segir Heba og býður alla velkomna.

■ Matseðill Striksins er fjölbreyttur.

■ Kokteilar eru á mikilli uppleið í vinsældum.

Frábærir kokteilar

„Sérstaða Striksins er ekki síst allt fagfólkið sem hér vinnur, m.a. þrír lærðir kokkar, þrír faglærðir þjónar auk allra okkar nema í mat- og framreiðslu. Á dögunum frumsýndum við nýjan og geggjaðan kokteilaseðil sem er sérhannaður af Ými Valssyni, okkar yfirbarþjóni með meiru. Ýmir leggur alúð og fagmennsku í verkið en hann býr t.d. til frá grunni öll síróp og safa í sína drykki. Ýmir er sífellt að þróa sig áfram og verður örugglega með eitthvað nýtt að bjóða fyrir sólina á svölunum næsta sumar," segir Heba létt í bragði.

Heba minnir gjafabréf Striksins sem eru vinsæl í jólapakkana og raunar við hvaða tilefni sem er. Gjafabréf Striksins gilda einnig á Bryggjuna. Best er að panta borð á strikid.is eða hringja í síma 462 7100.

strikid.is

KRISTJÁNS BAKARÍ
Gerðu vel við þig og þína á aðventunni
Ekta norðlenska laufabraudið frá Kristjánsbakarí kemur allri fjölskyldunni í rétta jólaskapið!
Steikingarfeiti
Transfitufri
100% plöntufeiti
2,5 kg
20 Laufa-brauð
ósteikt
Gleðileg Jól
KRISTJÁNS BAKARÍ

Heimsfrægur söngleikur á svið

Vorið vaknar í Samkomuhúsinu

Vorið vaknar nefnist söngleikur sem sem Leikfélag Akureyrar frumsýnir í Samkomuhúsinu 31. janúar nk. Þessi víðfrægi og vinsæli söngleikur sló í gegn á Broadway í New York árið 2006 og hlaut sýningin fjölda verðlauna, m.a. sem besti nýi söngleikurinn það árið.

Aðalpersónur verksins eru Wendla, Moritz og Melchior, sem standa á þröskuldi fullorðinsáranna. Tilfinningarót þeirra, órar og fyrsta kynlífsreynslan eru í forgrunni og þeir fordómar og þröngsýni sem þessi vandamál mæta verða til þess að unglingunum tekst ekki að fóta sig í ströngum regluskógi samfélagsins. Verkið olli miklum óróa þegar það var sýnt fyrst, þótti bersögult og vægðarlaust.

Söngleikurinn Vorið vaknar er byggður þýsku leikriti frá 1891 eftir Frank Wedekind og fjallar um líf og tilfinningarót unglinga í afturhaldssömu og þröngsýnu samfélagi 19. aldarinnar sem leyfir engin frávik frá hinu viðtekna. Fjöldi landsþekktra leikara kemur fram í sýningunni í Samkomuhúsinu, m.a. Edda Björg Eyjólfsdóttir og Þorsteinn Bachman. Helstu listrænir stjórnendur eru Marta Nordal sem mun leikstýra verkinu, Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson er tónlistarstjóri, Auður Ösp Guðmundsdóttir sér um leikmynd og búninga, Gunnar Sigurbjörnsson um hljóð, Ólafur Ágúst Stefánsson um lýsingu og höfundur dansa er Lee Proud.

■ **Vorið vaknar er rokksöngleikur eftir Steven Slater með tónlist eftir Duncan Sheik.**

mak.is

VORHÚS
Full búð af nýjum vörum
VELKOMIN Í VORHÚS
OPIÐ VIRKA DAGA KL 11-17 & LAUGARDAGA 11-14
Vorhús · Hafnarstræti 71 · Akureyri · www.vorhus.is

Við sjáum
fyrir okkur jól
þar sem
allir
komast
örugglega
heim.
GS
SMF
Störtum nýju ári
og pökkum fyrir það liðna.
AB
VARAHLUTIR
Akureyri

Norðlenskt jólakaffi í bollann

■ **Arnar Eyfjörð Helgason (t.v.) framleiðslustjóri Nýju kaffibrennslunnar og Helgi Örlygsson, framkvæmdastjóri, með pakka af jólakaffi sem framleitt hefur verið allar götur síðan 1955.**

Hið sanna íslenska jólakaffi er norðlenskt, framleitt hjá Nýju kaffibrennslunni á Akureyri. Og nú geta kaffiunnendur tekið jólagleði sína því jólakaffið er komið á markaðinn þetta árið – gæðakaffi eins og jafnan áður. Jólakaffi hefur nefnilega verið framleitt á Akureyri á hverju ári síðan 1955, sem sýnir vel að íslenskum kaffiunnendum þykir jólastemningin ekki fullkomin nema fá sitt norðlenska jólakaffi.

Það sem jólakaffið hefur umfram hið hefðbundna kaffi eru sérvaldar gæðabaunir sem notaðar eru í framleiðsluna. Þær koma frá Suður-Ameríku og Afríku en sama grunnblandan hefur verið notuð í yfir 20 ár. Starfsfólk Nýju kaffibrennslunnar hefur sérþekkingu á kaffiblöndunum og smakkar framleiðsluna reglulega til að tryggja að blöndurnar séu nákvæmlega réttar. Hluti af jólasiðunum í Nýju kaffibrennslunni er vitanlega að smakkprófa jólakaffið og þannig er gengið úr skugga um að blandan sé nákvæmlega rétt frá ári til árs og færi landsmönnum bragðið og kaffiilminn af jólunum.

kbr.is

Dimmalimm til Akureyrar!

Eins og jafnan eiga Norðlendingar og gestir þeirra kost á að sækja gestasýningar frá öðrum leikhúsum í Hofi. Í haust komu sýningarnar Allt sem er frábært frá Borgarleikhúsinu í október og Ör frá Þjóðleikhúsinu sem var á fjölum í síðasta mánuði. Kómedíuleikhúsið kemur svo með hið sívinsæla ævintýri Dimmalimm sunnudaginn 19. janúar nk.

Dimmalimm er eins og flestir vita eftir listamanninn Mugg frá Bíldudal. Ævintýrið fjallar um prinsessuna Dimmalimm sem eignast góðan vin sem er stór og fallegur svanur. En eins og í öllum góðum sögum þá gerist eitthvað óvænt og ævintýralegt! Það er hið frábæra Kómedíuleikhús sem setur verkið á svið og sýningin hefst kl 11:00 í Hamraborginni í Hofi.

mak.is

■ **Kómedíuleikhúsið setur Dimmalimm á svið í Hofi 19. janúar nk.**

OPNUNARTÍMI
UM JÓL OG ÁRAMÓT

23.12.	Þorláksmessa	09-18
24.12.	Aðfangadagur	09-13
25.12.	Jóladagur	16-18
26.12.	Annar í jólum	12-16
31.12.	Gamlársdagur	09-13
01.01.	Nýjársdagur	12-16

Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

AKUREYRARAPÓTEK

www.akap.is • Kaupangi v/ Mýrarveg • sími 460 9999

Jólahlaðborð og smáréttir á Eyrinni

„Hér er búinn að vera góður gangur frá því við opnuðum og nóg að gera. Við erum hér í afar glæsilegu húsnæði á tveimur hæðum í Hofi og erum vel í stakk búin að taka á móti okkar gestum á jólavertíðinni," segir Guðmundur Ragnar Sverrisson matreiðslumaður á Eyrinni Restaurant, nýjum veitingastað í Hofi. Hann á og rekur staðinn ásamt eiginkonu sinni Aðalheiði Hannesdóttur.

Jólahlaðborð og smáréttir

Guðmundur segir að Eyrin sé alhliða veitingastaður og bjóði m.a. upp á hlaðborð í hádeginu þar sem hægt sé að velja um kjöt, fisk, súpu og salöt að ógleymdu kaffinu í lokin. „Á aðventunni er áherslan á jólahlaðborðin sem alltaf eru jafn vinsæl, m.a. fyrir starfsmanna- og vinahópa. Einnig bjóðum við upp á sérstakan jólabröns á sunnudögum frá 11:30-14:30 en hann þykir vel heppnaður svo ég segi sjálfur frá og er mikið um að fjölskyldur sæki hann í tengslum við verslunarferðir í miðbæinn. Eftir áramót munum við halda áfram með hádegisbröns, bæði laugardaga og sunnudaga en með öðrum áherslum. Þá ætlum við líka að bjóða smárétti hér á Eyrinni en þar verður um að ræða fjölbreyttan matseðil með alþjóðlegu ívafi."

Norður yfir heiðar

Guðmundur Ragnar útskrifaðist sem matreiðslumaður árið 2000 og starfaði erlendis um nokkurra ára skeið að loknu námi. Hann vann m.a. í Brussel og Genf og lærði líbanska matargerð. „Þegar okkur bauðst að opna okkar eigin veitingastað hér í Hofi þurftum við ekki að hugsa okkur lengi um. Aðalheiður er fædd og uppalin hér á Akureyri og því með sterkar rætur og sjálfur er ég frá Sauðárkróki. Norðurlandið heillaði alltaf og hér finnum við gott viðmót og aðstæður til að koma okkur fyrir til frambúðar."

Íslenskt á Eyrinni

Guðmundur Rúnar segir nafnið á veitingastaðnum vera vísun í Eyrina á Akureyri og þjóðlegt nafn á staðinn hafi verið fyrsti kostur því þar verði lögð áhersla á íslenska rétti. „Við leggjum mikla áherslu á góðan og vel framreiddan mat en einnig notalega stemningu. Til okkar eru allir velkomnir í mat og drykk en fyrst um sinn er staðurinn opinn frá kl. 11:30 til 18:00. Eftir áramót verður opnunartíminn lengdur."

eyrin.is

■ „Við leggjum mikla áherslu á góðan og vel framreiddan mat en einnig notalega stemningu," segir Guðmundur Ragnar Sverrisson, matreiðslumaður og eigandi á Eyrinni í menningarhúsinu Hofi.

Óskum Akureyringum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Bifreiðaverkstæðið BAUGSBÓT
Frostagötu 1b-603 Akureyri
Sími: 462 7033 & 896 0373
BAUGSBÓT EHF. FROSTAGATA 1B, 603 AKUREYRI
KT. 430298 - 2169 VSK.NR. 57284

RAFEYRI alltaf í stuði!

NORÐURORKA
Vatnsveita - Rafveita - Hitaveita - Fráveita

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur
Europcar
Þínar þarfir - okkar þjónusta

Deloitte.

FERÐASKRIFSTOFA AKUREYRAR

MOTUL Á ÍSLANDI

ICELANDIC BUS COMPANY
SBA-NORÐURLEIÐ
HJALTEYRARGÖTU 10 • 600 AKUREYRI
Sími: 5 500 700 • Fax: 5 500 701
HJALLAHRAUNI 2 • 220 HAFNARFIRÐI
Sími: 5 500 770 • Fax: 5 500 771
sba@sba.is • www.sba.is

KPMG

RIT FO RM

EINING-IÐJA

SAMHERJI HF

■ „Hangikjötið er sígildur jólamatur," segir Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska.

Norðlenska með úrval jólamatar

Norðlenska matborðið ehf., sem markaðssetur afurðir sínar meðal annars undir vörumerkinu Norðlenska, er eitt öflugasta framleiðslufyrirtæki landsins á sviði kjötvöru og er með höfuðstöðvar á Akureyri. Við slógum á þráðinn til Ágústs Torfa Haukssonar framkvæmdastjóra og spurðum út í jólavertíðina.

Nýtt og hefðbundið

„Hangikjötið og hamborgarhryggurinn eru sígildar vörur fyrir jólin og á borðum mjög margra landsmanna yfir hátíðirnar. Svo er líka talsvert um óreykta valkosti, skemmtilega krydduð læri, fyllta hryggi, góðar nautasteikur og fleira. Einnig erum við með fleiri hátíðarvörur eins og gæða áleggspylsur, pate og kæfur, þurrverkaða vöðva og fleira sem tilheyrir jólunum. Landinn gerir vel við sig í mat og drykk um jól enda ærið tilefni til," segir Ágúst í samtali.

Ágúst segir alltaf eitthvað nýtt á boðstólum hjá Norðlenska. „Hins vegar þurfum við að stíga varlega til jarðar því almennt snúast matarvenjur um jól um hefðir frekar er mikla tilraunamennsku. Við erum t.d. núna með bæði fylltar lundir og fyllt læri sem eru spennandi valkostur og svo er alltaf þróun í þurrverkuðu vörunum, krydduð þurrverkuð læri og fleira góðgæri. Pate og kæfur taka líka alltaf einhverjum breytingum þar sem kjötiðnaðarmennirnir okkar eru sífellt að þróa sig áfram prófa eitthvað nýtt."

Beint frá bændum

Eigendahópur Norðlenska samanstendur af rúmlega 500 bændum á Norðurlandi og Austurlandi. „Þetta fyrirtæki er bein tenging bænda, eigenda félagsins, við markaðinn og við erum afar stolt af uppruna þeirrar vöru sem við bjóðum uppá – beint frá bændum. Við framleiðum ekki aðeins undir merki Norðlenska en önnur vörumerki eru Goði, KEA og Húsavíkur. Við höfum verið að nota KEA og Húsavíkur mikið fyrir okkar hefðbundnari jólavörur, hangikjötið og hamborgarhrygginn. Ferskar gæðasteikur, sem eru sífellt að verða vinsælli valkostur um hátíðir, eru mest seldar undir Norðlenska á meðan að dagvaran er undir merki Goða, svo dæmi séu tekin."

Við spyrjum Ágúst Torfa að lokum hver sé hans uppáhalds jólamatur:

■ Hangikjötið er ómissandi á jólum.

„Hangikjötið er sígilt og er snætt á jóladag á mínu heimili. Á aðfangadag erum við með ferskan lamba á borðum og hefur svo verið um áratuga skeið. Sú hefð hefur skapast af þeirri einföldu ástæðu að gott lambakjöt er besta fæði sem til er," segir Ágúst Torfi að lokum.

nordlenska.is

GJAFABRÉF Í BUNCH AF BRUNCH

STRIKIÐ
RESTAURANT&BAR

Tilvalin jólagjöf

Alla laugardaga frá kl. 12-15
Eins mikið og þú vilt af mat og drykk

BROT AF ÞVÍ BESTA

Hirata gæsalæri „confit“ bláberjadressing
Tvíreykt hangikjöt „tartar“
Lakkrísgrafinn lax
Síld, smokey mayo og rúgbrauð
Ris ala mande
Hirata önd „confit“ sriracha, kóríander
Slider pulled pork BBQ og vorlaukur
Amerískar pönnukökur
Sætar franskar & chilli mæjó
Egg Benedict
Grafinn lax
JFC tempura
Surf n' turf roll „my style“
Humar maki
Spicy tuna roll
Chicken teriyaki roll
Laxa ceviche
Edamame
Soja & kimchi
Djúpsteikt smælki
Beikon og döðlur
Túnfisktartar
Íslenskar pönnukökur
Ástarpungar
Vanilluís

3.990
fyrir BUNCH AF BRUNCH

5.490
fyrir BUNCH AF BRUNCH OG DRYKKI

GJAFABRÉF Á BRYGGJUNA OG STRIKIÐ

Tilvalin jólagjöf

Gjafabréf á Bryggjuna og Strikið
í mat og drykk hvenær sem er
þú ákveður upphæðina

BRYGGJAN
RESTAURANT

Jólaloppa Arnars og Jóns Arnars á Dalvík

„Litla Loppan okkar fer í jólafötin í nóvember þegar við tökum upp og gerum eitthvað skemmtilegt við jólavörurnar sem við eigum eða hafa borist okkur frá síðustu jólum. Hér erum við með gler, glingur og skraut hvers konar og gerum þetta fyrst og fremst vegna þess að við höfum gaman að þessu. Jólamánuðurinn er í sérstöku uppáhaldi hjá okkur," segir Arnar Símonarson á Dalvík en hann og sambýlismaður hans, Jón Arnar Sverrisson kynntust dönsku flóamörkuðunum þegar þer bjuggu þar fyrir nokkrum árum og fluttu hugmyndina með sér heim til Dalvíkur. Í bílskúrnum á heimili sínu við Hólaveg 5 stofnuðu þeir flóamarkað sem þeir kalla einfaldlega Litlu Loppuna og hefur hann síðan orðið fastur liður í bæjarlífinu á Dalvík. Ekki síst á aðventunni.

■ Jón Arnar Sverrisson og Arnar Símonarson reka Litlu Loppuna á Dalvík. Í bílskúrnum segja þeir að séu um 7000 hlutir.

Hugsjónastarf og krydd í tilveruna

„Loppan er hugsjón og áhugamál okkar Nonna en um leið krydd í mannlífið og tilveruna hér á Dalvík. Báðir erum við mikið fyrir glingrið, skrautfuglar og fagurkerar, að ég tali nú ekki um jólaáhugann, en svo er það nú líka þannig að áhugi fólks á því að nýta frekar en henda er alltaf að aukast. Sem betur fer. Það sem fólk er hætt að nota getur alveg nýst öðrum. Fólk kemur með mikið af munum til okkar, stundum koma kassar úr dánarbúum og svo kemur fyrir að fólk skilur bara kassa eftir hér við dyrnar hjá okkur ef það á leið hjá," segir Arnar en þeir hafa lauslega áætlað að í Loppunni sé að finna um 7000 muni!

■ Litla Loppan klæðist jólabúningi á þessum árstíma og upp úr geymslukössum koma jólavörur í hillurnar.

■ „Við erum skrautfuglar og mikið fyrir glingrið en fyrst og fremst er þetta hugsjón og áhugamál," segir Arnar.

Margir finna sínar gersemar

„Það gerist iðulega að fólk finnur hér gersemar í safnið sitt, einhverja hluti sem það hrífst af, vantar inn í sett eða eitthvað slíkt. Frá fyrsta degi höfum við alltaf litið á þessa starfsemi okkar hér í bílskúrnum sem skemmtun, alls ekki sem gróðastarf heldur miklu fremur sem krydd í tilveruna. Á sumrin erum við með skúrinn opinn og borð úti. En núna á aðventunni erum við með opið kl. 13-17 á laugardögum og sunnudögum og getum lofað að hér ræður jólaandinn ríkjum," segir Arnar en María Snorradóttir móðir hans hefur frá upphafi lagt þeim lið í afgreiðslunni. „Á hverju ári höfum við látið gott af okkur leiða í þessari starfsemi og styrkt stelpurnar í „Göngum saman" sem styðja við rannsóknir á brjóstakrabbameini og svo gefum við muni í jólabingó eldri borgara, matargjafir og fleira. Okkar viðskiptavinir eru því að styðja góð málefni í leiðinni," segir Arnar.

lindex.is
Náttföt frá
1599,-
LINDEX

Jólagjafabréf fyrir Vildarpunkta

Nú getur þú notað Vildarpunkta Icelandair til að kaupa jólagjafabréf Air Iceland Connect. Veldu upphæð, punkta eða peninga — prentaðu út og jólagjöfin er klár.

airicelandconnect.is/gjafabref

Air Iceland Connect

íslenska SIA.IS AIC 93100 11/19